



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Samanburður á slúðri og afbrotafréttum  
í íslenskum dagblöðum  
á ólíkum tímum**

Olga Björt Þórðardóttir

**B.A. ritgerð  
Háskóli Íslands  
Íslensku- og menningardeild  
Hugvísindasvið**

**Samanburður á slúðri og afbrotafréttum  
í íslenskum dagblöðum  
á ólíkum tímum**

Olga Björt Þórðardóttir

B.A. í íslensku  
Aukagrein: Fjölmiðlafræði  
Leiðbeinandi: Hilmar Thor Bjarnason

Íslensku- og menningardeild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands  
Maí 2011

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	4
1. Hvítflibabrot, saga þeirra og skilgreiningar út frá afbrotafræðum.....	5
2. Góðærisstjórnur og þáttur fjölmiðla í orðræðu, út frá kenningum í fjölmiðlafræðum.....	9
3. Ímyndarsmíðin og orðræðan í samfélaginu.....	14
3.1 Djúpstæð áhrif á siðferði og viðmið.....	17
4. Slúður sem samskiptaafli í mannkynssögunni.....	18
4.1 Margar hliðar slúðurs.....	20
4.2 Umfjöllun um frægt fólk.....	21
4.3 Þáttur blaðamanna og lesenda.....	23
4.4 Afstætt siðferði eða fljótfærnisamat.....	25
5. Íslenskar stjórnur og saga fjölmiðlaumfjöllunar um þær.....	27
6. Umfjöllun þriggja stærstu íslensku dagblaðanna í febrúar 2006 um auðmenn og fjárfesta.....	36
6.1 Morgunblaðið.....	36
6.2 DV.....	38
6.3 Fréttablaðið.....	42
7. Við/hinir – ímyndasköpunin.....	49
7.1 Nýlenduherrar efnishyggjunnar.....	50
8. Hvítflibabrot á Íslandi og viðhorf til þeirra.....	52
9. Umfjöllun á vefsíðum <i>Morgunblaðsins</i> , <i>Vísis</i> og <i>DV</i> í kjölfar hruns.....	54
10. Ný viðmið og gildi innan samfélagsins – og möguleg úrræði.....	68
Samantekt – niðurstöður.....	69
Heimildaskrá.....	72
Bækur.....	72
Dagblöð og tímarit.....	73
Vefsíður blaða og tímarita.....	75
Netskjöl og skýrslur.....	78
Lokaverkefni.....	79

## Inngangur

Kveikjan að efni ritgerðarinnar var áhugi höfundar á hlutverki fjölmiðla og ritstjórna og áhrifa þeirra og eignarhalds á orðræðu og hugtakanotkun í íslensku þjóðfélagi á umbrotatímum. Meginástæðan var umfjöllun um íslenska auðmenn eða „útrásarvíkinga“ í fjölmiðlum og mögulegur áherslumunur í svokölluðu góðæri og í kjölfar fjármálakreppunnar. Til að rýna nægilega vel í þetta var leitað í kenningar í afbrot-, fjölmiðla- og félagsfræðum. Álit nokkurra sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig voru borin saman til áhersluaukningar. Hugtakið slúður var skoðað sérstaklega sem samskiptafl í mannkynssögunni og sem aðdráttarafl í fjölmiðlum. Einnig er þáttur hvítflibbabrota tekinn fyrir, skilgreining á þeim, þróun og viðhorf til þeirra. Þá var sögu blaðamennsku og fregnaöflunar á Íslandi lítillega gerð skil samhliða hlutverki fjölmiðla. Til frekari glöggvunar var einnig gerður samanburður á fréttæfni, tengdu efni ritgerðarinnar, í stærstu dagblöðum á Íslandi upp úr aldamótum 1900, 2006 og 2011. Umfangsmesti hlutinn var samanburður á umfjöllun um „útrásarvíkinga“ 2006 og 2011; ímyndarsköpun þeirra og viðhorf í framgöngu sinni. Að lokum var leitað í heimildir um áhrif efnishyggju, heimildir sem sýndu fram á ný viðmið og gildi í þjóðfélaginu, auk mögulegra úrræða.

## 1. Hvítflibbabrot, saga þeirra og skilgreiningar út frá afbrotafræðum

Í bókinni *501 Most Notorious Crimes* tekur rithöfundurinn og blaðamaðurinn Paul Donnelly saman 501 alræmdustu glæpi mannkynssögunnar. Fyrsti hvítflibbaglæpamaðurinn sem gæti heyrt undir þá skilgreiningu var breski viðskiptajöfurinn Jabez Spencer Balfour, fæddur 1843. Hann var sonur farandverkamanna sem, eftir stutta bæjarstjóratíð, byggði upp tryggingasölu- og fjárfestingafyrirtæki árið 1887. Balfour öðlaðist virðingarstöðu innan þjóðfélagsins og fólk var reiðubúið að treysta honum fyrir fé sínu, sem hann svo notaði til að greiða arð af eldri fjárfestingum. Hann er sagður hafa skapað „snjóbolta-tæknina“ sem fól í sér að eitt fyrirtæki fjármagnar annað fyrirtæki og koll af kalli. Fimm árum síðar var hann miðja í hneykslismáli þegar fyrirtæki hans, hvert af öðru, fóru í þrot og drógu fjölda fjárfesta með sér í svaðið. Á endanum skuldaði hann átta milljónir Bandaríkjadala og var dæmdur í 14 ára óskilorðsbundið fangelsi.<sup>1</sup>

Hugtakið hvítflibbabrot (e. white collar crime) hefur fest rætur í tungumáli margra þjóða síðan Edwin Sutherland, fyrrum forseti bandarísku félagsfræðisamtakanna, vakti athygli á þeim árið 1939. Markmið Sutherlands var að beina athygli að alvarleika hvítflibbabrota og setja fram kenningu sem ætti við um öll hegningarlagabrot og ólík félagstengsl (e. differential association) sem varpa átti ljósi á öll afbrot. Kjarni kenningarinnar er að afbrotahegðun sé lærd í samskiptum við aðila sem skilgreina brotahegðun sem jákvæða og eru einangraðir frá þeim sem telja hana neikvæða. Auk brotanna sjálfra læri einstaklingar að réttlæta afbrotahegðunina. Hvítflibbabrot fela í sér misnotkun á valdastöðu til ólögmeats ávinnings. Samstaða er meðal fræðimanna um að þessi brot séu meðal þeirra alvarlegustu í samfélaginu. Hvítflibbabrotamenn eru upp

---

<sup>1</sup> Donnelly P. (2009).

til hópa einstaklingar sem skipuleggja gjörðir sínar í þaula og taka mið af viðbrögðum réttarkerfisins. Tjón sem hlýst af afbrotum af þessu tagi er ekki aðeins fjárhagslegt, heldur hefur áhrif á líf og heilsu fólks og dregur úr siðferðisvitund borgaranna. Polendur geta verið bæði einstaklingar og fyrirtæki og jafnvel náttúran kann að verða fyrir tjóni.<sup>2</sup> Afbrot fyrirtækja fela í sér ólöglegt frumkvöðlastarf og viðskipti/verslun.

Í bók Edwins Sutherland *White Collar Crime: The Uncut Version* veltir hann upp þeirri spurningu hvort hvítflibbabrot séu afbrot. Ríkjandi viðhorf er á þá leið að ekki sé öll ólögleg hegðun glæpahegðun. Þannig hafi ákvarðanir sem teknar hafa verið innan fyrirtækja verið mælikvarði fyrir afbrotahæðun. Hann nefnir í því sambandi úttekt sem gerð var á 70 stórum iðnaðar- og verslunarfyrirtækjum í Bandaríkjunum þar sem 980 ólöglegar ákvarðanir höfðu verið teknar. Aðeins 158 þeirra voru dæmdar sem afbrot fyrir rétti.<sup>3</sup> Að mati Larry J. Siegel, prófessors í afbrotufræðum, eru hvítflibbabrot og skipulagðir glæpir settir undir sama hatt því í báðum felst frumkvöðlastarfsemi.<sup>4</sup> Í grein sem Sutherland skrifaði í *American Sociological Review*, „White Collar Criminality“ lýsir hann vel ríkjandi viðhorfi til hvítflibbaglæpa um miðja síðustu öld: Glæpir sem framdir eru af fyrirtækjum eru næstum alltaf skilgreindir sem einkamál, en sami glæpur sem einstaklingur fremur er meðhöndlaður sem refsiverður.<sup>5</sup>

Refsivernd fjárhagslegra verðmæta hefur að mati Jónatans Þórmundssonar, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, tekið stakkaskiptum á seinustu árum og áratugum. Þetta kemur fram í grein sem hann skrifaði í *Tímarit lögfræðinga* árið 2008. Hann segir þar

---

<sup>2</sup> Helgi Gunnlaugsson (2008).

<sup>3</sup> Sutherland, E. (1983:45).

<sup>4</sup> Siegel L. J. (2009).

<sup>5</sup> Sutherland, E. (1940).

muna mest um stórfellda fjölgun verndarsviða og jafnframt styrkingu þeirra verðmæta, sem teljast mega í fjárhagslegum skilningi:

Almennar þjóðfélagsaðstæður, viðskipta- og verslunarhættir, vaxandi eignamyndun og nýtt gildismat gagnvart samskiptum manna í þjóðfélaginu hafa gjörbylt lagaumgjörðinni og kallað fram kröfur um raunhæfa refsivernd hvers konar fjárhagslegra verðmæta, jafnt áþreifanlegra sem óáþreifanlegra.<sup>6</sup>

Í *Tímariti lögfræðinga* tuttugu árum fyrr, eða 1988, útskýrir Jónatan efnahagsbrot á þá leið að þau séu gjarnan framin við sérstakar aðstæður, þar sem innbyrðis hagsmunatengsl eða samkeppnisaðstæður skapi ákveðið brotamynstur, sem skeri sig dálítið frá dæmigerðum fjámunabrotum, t.d. misferli í tengslum við gjaldþrot. Skilgreina megi efnahagsbrot á þann hátt að þau séu refsiverð háttsemi í fjárhagslegu hagnaðarskyni, sem fari fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi einstaklinga eða lögaðila.<sup>7</sup> Í fyrrnefndri grein Jónatans frá 2008, tilgreinir hann einstök skilgreiningaratriði er tengjast refsiverðri háttsemi. Efnahagsbrot séu sérstakur flokkur afbrota, þótt mörkin séu hvergi nærri augljós gagnvart öðrum afbrotaflokkum. Þau geti skarast við auðgunarbrot og fleiri tegundir hefðbundinna hegningarafbrota. Það sem þó einkenni fremur efnahagsbrotin er að þau séu aðallega sérrefsilagabrot á ýmsum sviðum efnahags- og atvinnulífs. Hvítflibbabrot, á þeim tíma sem Sutherland mótaði hugtakið, voru miðuð við einfaldari þjóðfélagsgerð, þar sem refsíákvæði einkaeigenda og stjórnenda atvinnufyrirtækja var aðalviðfangsefnið. Síðar hafa þróast samtök manna um atvinnurekstur í félagiformi og fjölþjóðleg fyrirtæki, þar sem eigendur og starfsmenn hverfa gjarnan í skuggann af félagsheildinni.<sup>8</sup>

---

<sup>6</sup> Jónatan Þórmundsson. (2008:405).

<sup>7</sup> Jónatan Þórmundsson. (1988:208).

<sup>8</sup> Jónatan Þórmundsson. (2008:455-457).

Að mati Helga Gunnlaugssonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands, er efnahagslegt tjón talið margfalt meira en hlýst af venjulegum strætisbrotum.<sup>9</sup> Hann nefnir þó að fræðimenn séu almennt sammála um að hvítflibbabrot séu meðal þeirra alvarlegustu í samfélaginu. Tjónið sé ekki aðeins fjárhagslegt, heldur bitni á lífi og jafnvel heilsu fólks. Auk þess dragi slík brot úr siðferðisvitund borgaranna og þolendur geti verið m.a. eigendur fyrirtækja, starfsfólk, viðskiptavinir, almenningur og umhverfið í heild sinni. Tjón á siðferðisvitund felist í því að traust borgaranna á helstu stofnunum samfélagsins minnki. Ef virðulegir borgarar stundi ólöglegt athæfi sé miklu meiri hætta á því að siðleysi berist út í allt samfélagið til venjulegra borgara. Helgi vitnar í því samhengi í kenningu Edwin Sutherlands um ólík félagstengsl, en kjarni hennar er sá að brotahegðun lærist í samskiptum við aðra sem telja lítið mál að fara á svig við lögin. Þessi kenning er enn í dag álitin mikilvægasta skýringin á viðskiptabrotum, samhliða því að skýra önnur brot.<sup>10</sup> Virkja þarf almenningsálitið í mikilvægri baráttu við að rétta af siðferðismatið.

Í bók Evu Joly og Mariu Malagardis *Hversdagshetjur* heldur forstjóri frjálsu sjálfbóðaliðasamtakanna Transparency International (T.I.)<sup>11</sup>, Daniel Lebégue, þessu fram: „Það var græðgi fjármálamannanna sem leiddi til þess að þeir gengu sífellt lengra í nafni gróðafýsnarinnar og orsökuðu með þessari blindu sjálfselsku alvarlegri kreppu en áður hefur þekkt.“<sup>12</sup>

---

<sup>9</sup> Helgi Gunnlaugsson notar þetta orð *strætisbrot* til að lýsa algengustu einstaklingsafbrotum.

<sup>10</sup> Helgi Gunnlaugsson. (2006:2-4).

<sup>11</sup> Fjölpjódleg samtök sem vinna gegn spillingu, fjárdrætti og skattaparadísum. Daniel Lebégue starfaði m.a. áður í 20 ár hjá franska fjármálaráðuneytinu og forðast nú sviðsljósið. Þegar hann fór á eftirlaun breytti hann upp ermarnar og gaf sig í að þjóna almannahagsmunum.

<sup>12</sup> Joly E. & Malagardis M. (2009).



## 2. Góðærisstjórnur og þáttur fjölmiðla í orðræðu, út frá kenningum í fjölmiðlafræðum

Lengi vel urðu fáir Íslendingar forríkir á sama hátt og fólkið sem fjallað var um í erlendum miðlum. Íslensk þjóð hefur í tímans rás átt sínar stjórnur, áberandi fólk í þjóðfélaginu. Í *Morgunblaðinu* 3. desember 1963 er danska athafnamanninum Thor Jensen minnst, að honum látnum, í grein sem ber yfirskriftina „Thor Jensen – hinn síðasti mikli landnámsmaður“:

Thor Jensen hafði fengið í vöggugjöf hetjulund og ævintýrablóð: hugrekki til að leggja út á nýja stigu, viðsjála og erfiða, og traust á hamingju sína. [...] Það verkefni sem við blasti, þegar Thor Jensen var kominn á bezta starfsaldur, var að ryðja braut út úr frumbýlingshætti í íslensku atvinnulífi. [...] Honum var gjarnt á að láta gamminn geisa og treysta sinni heillastjórnunni, en var ekki öðrum mönnum betur gefið að taka mótlæti eða óföllum af jafnaðargeði og stillingu. Hann var örlyndur tilfinningamaður, viðkvæmur fyrir æru sinni. [...] Lífið mun snemma hafa lagt þungað geig í brjóst hans, þegar stórhugur hans varð honum ungum að falli og hann stóð uppi gjaldþrota með fullt hús af börnum.<sup>13</sup>

Það er athyglisvert að hafa þessa umsögn til hliðsjónar umfjöllun um langafabarn Thors Jensen, Björgólf Thor Björgólfsson, síðar í ritgerðinni, því ýmislegt virðist sammerkt með þeim. Þeir urðu báðir efnaðir athafnamenn og lífsmáti þeirra bar keim af því. Slíkur lífsmáti hófst einmitt með hveli á Íslandi í miðju góðæri í byrjun 21. aldar með eign bílaflota, snekkja, þyrlna og stórbýla. „Loksins“ gátu „molbúarnir“ í norðri litið sér nær og verið stoltir af sínum eigin stjórnunum. Meðal þeirra voru stjórnendur þriggja stærstu bankanna (Glitnis, Kaupþings og Landsbankans) sem einnig áttu og stýrðu þremur stærstu fjölmiðlarisunum (365 hf., Árvakri hf. og Framtíðarsýn ehf.) og þremur stærstu fjármálablokkunum í Kauphöllinni (Baugi Group hf., Existu hf. og Björgólfi Guðmundssyni).

---

<sup>13</sup> Kristján Albertsson. (1963, 3. desember:17).

Þáttur fjölmiðla í umræðu í aðdraganda alþjóðlega efnahagshrunsins 2008 er mikilvægur. Íslenskir fjölmiðlar hafa verið meðal annars verið gagnrýndir fyrir að synda of mikið með straumnum og upphefja svokallaða útrásarvíkinga eða hrunverja. Stjórnudýrkun og ríkjandi tíðarandi geta haft áhrif á blaðamenn, fréttamat og dagleg störf. Það er ekkert til sem heitir hlutlaus blaðamennska, hvað þá hlutlaus fjölmiðill. Á vefsvæði fyrrum ritstjórans Jónasar Kristjánssonar birtir hann hluta af námsefni sem hann kenndi. Meðal þess eru sjö undirstöðureglur fréttar: Hver gerði/sagði hvað, hvar, hvenær, hvernig, hvers vegna og hvað svo? Hefðbundin blaðamennska geri ráð fyrir að fréttir svari öllum þessum spurningum.<sup>14</sup> Það virðist sem minnst fari fyrir tveimur seinustu spurningunum, aðallega þeirri seinni, í umfjöllun um útrásarvíkinga, ummæli þeirra og aðila sem upphefja þá.

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í nútímaþjóðfélögum og það hlutverk fer ört vaxandi og sú þróun hefur verið töluverð í opinberri umræðu hér á landi sem annars staðar. Haft var eftir Davíð Oddssyni, fyrrum forsætisráðherra, árið 2005, „að það skiptir öllu að fjölmiðlar sinni eftirlitshlutverki sínu af árvekni og ábyrgð“ og „að tími flokksmálgagna væri liðinn, en nú virtist runninn upp annar, hálfu verri, tími fyrirtækjamálgagna og þau hefðu dýpri vasa...“<sup>15</sup> Þetta eru merkileg ummæli í ljósi þess að nú ritstýrir hann fjölmiðli sem er í eigu einkafyrirtækja [*Morgunblaðinu*]. Því verður að meta stöðu þeirra hverju sinni. Í nýlegu riti Paschals Preston (prófessors við School of Communication í Dublin) er ábending þess efnis að ekki sé lengur réttlætjanlegt að líta á fjölmiðla sem andófsafl í þjóðfélögum líkt og gert var á fyrri

---

<sup>14</sup> Jónas Kristjánsson. (2008).

<sup>15</sup> Katrín Pálsdóttir. (2006:67).

stigum iðnvæðingar, heldur beri að líta á þá sem valdhafa.<sup>16</sup> Það þarf öfluga fjölmiðla til að fara gegn ríkjandi öflum og ríkjandi tíðaranda.

Í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, viðauka I: *Um fjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006-2008* kemur fram að fjármálafyrirtæki voru fyrirferðarmikil í umfjöllun á athugunartímabilinu (frá ársbyrjun 2006 til septemberloka 2008). Samkvæmt því voru birtar 6.012 fréttir og greinar þar sem fjármálafyrirtækin komu við sögu eða liðlega 16 á dag. Flestar fréttir og greinar þess efnis birtust í *Morgunblaðinu* (32,5%), *Fréttablaðið* fylgdi á eftir (29%), þá *Viðskiptablaðið* (25%), *Bláðið* og arftaki þess *24 stundir* (8,5%) og *DV* rak lestina (5%).<sup>17</sup> Í sama kafla er kveðið á um að fjöldi fréttar og greina um bankana hafi yfir höfuð verið mestur á fyrsta ársfjórðungi hvers árs, einkum í janúar og febrúar. Á þessum tíma bárust fréttir af uppgjörum bankanna og á árunum 2005 – 2007 voru Íslandsmetin slegin hvert af öðru. Árin 2005 og 2006 voru áberandi arðgreiðslu- og kaupaukafréttir vegna hluthafa og stjórnenda. Vinnubrögð fréttamanna eru einnig til umfjöllunar í sama kafla og þar er gæðamati skipti í tvennt: sjálfstæða vinnuöflun og greinandi umfjöllun. Leitað var eftir hvort unnið var eingöngu upp úr einni heimild, andstæðum sjónarmiðum og hvort leitað var áhlits sérfróðra, þar sem það átti við. Einnig hvort umfjöllunarefnið var sett í samhengi og hvort heimilda var getið. Niðurstaðan mats var sú að í 38% tilvika hafði engin sjálfstæð efnisöflun farið fram og í 80% tilvika var hún lítil eða engin. Engin greinandi umfjöllun var í 53% tilvika. Áhugaverð niðurstaða sömu rannsóknar er, að ekki fæst staðfesting á tilgátum um bein áhrif eigenda á fréttarflutning þegar á heildina er litið. Þó er áréttað að þar með sé ekki sagt

---

<sup>16</sup> Preston, P. (2009).

<sup>17</sup> Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. (2009:250-251).

með vissu að eigendur hafi ekki haft eða reynt að hafa áhrif á fréttáflutning í einstaka tilvikum. Þegar könnuð var afstaða blaða- og fréttamanna til þess þáttar voru svör á þá leið að þeir reyni það stundum – en takist það sjaldan.<sup>18</sup>

Í erindi um meistaraverkefni sitt í blaða- og fréttamennsku „Íslenskir fjölmiðlar þjónar hagsmuna?“ fjallaði Alda Áskelsdóttir um áhrif eigenda á fjölmiðla. Samkvæmt niðurstöðum hennar vilja þeir sem eiga mikilla hagsmuna að gæta, t.d. auðjöfrar, eiga fjölmiðla þar sem þeir trúa því að slíku eignarhaldi fylgi völd og áhrif.<sup>19</sup> Alda nefndi innrömmunaráhrif (*framing effects*) og dagskráráhrif (*agenda-setting*) í þessu samhengi og vitnar í kenningar breska fjölmiðlafræðingsins Denis McQuail.<sup>20</sup> Með innrömmunaráhrifum er átt við að jafnvel þó að fjölmiðlar stjórni ekki skoðunum fólks á tilverunni þá matreiða þeir fréttirnar á ákveðinn hátt til að knýja fólk til að skoða fréttirnar út frá ákveðnu sjónarhorni. Fjölmiðlar hafa þannig ekki áhrif á það hvernig við hugsum, heldur hafa þeir áhrif á hvað við hugsum um. Hún tekur dæmi úr íslenskum veruleika frá 30. október 2008, nánar tiltekið íslensku sjónvarpi. *Ríkisútvarpið*, *Stöð 2* og *Bylgjan* voru uppvís að því að haga bæði fréttáflutningi og dagskrárefni sér í vil þegar kom að viðkvæmum málum sem snerta miðlana sjálfa (fjöldauppsagnir sem áttu sér stað á sama tíma hjá þeim öllum).<sup>21</sup>

Eignarhald á íslenskum fjölmiðlum og stjórnunarhættir höfðu að öllum líkindum áhrif á umræðuna og orðræðuna í samfélaginu þegar góðærið stóð sem hæst. Katla Kristjánsdóttir þjóðfræðingur hóf árið 2006 að rannsaka hvernig útrásin svokallaða var

---

<sup>18</sup> Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. (2009:257, 262-267).

<sup>19</sup> Alda Áskelsdóttir. (2009:188-189).

<sup>20</sup> McQuail, D. (2005).

<sup>21</sup> Alda Áskelsdóttir. (2009:188-189).

iðulega tengd íslenskum þjóðararfi og „víkingum“ í orðræðunni í samfélaginu. Hún hélt erindi undir yfirskriftinni „Vandræðalegir víkingar. Ímynd, arfur og tilfinningar“ í Þjóðminjasafninu 16. mars 2010. Í rannsókn sinni skoðaði Katla meðal annars hvernig þetta kom fram í fjölmiðlum, ræðum forseta Íslands og skýrslum Viðskiptaráðs og forsætisráðuneytisins. Samkvæmt því kom fram nánast gagnrýnislaus aðdáun á tilteknum hópi manna og nánast hvergi komu fram efasemdir um þeirra framgöngu. Niðurstöður hennar sýndu að þar kom fram nánast gagnrýnislaus aðdáun á hina svokölluðu útrásarvíkinga og fólki hafi verið talin trú um að framganga þeirra væri allri þjóðinni í hag. Uppi standa einstaklingarnir í þjóðfélaginu með laskaða þjóðarímynd og verður að mati Kötlu spennandi að sjá hvernig við spyrnum okkur frá henni, þótt erfitt sé að meta hversu mikið hafi dregið úr þjóðarstoltinu af þessum sökum. Íslendingar hafi stundum verið gagnrýndir fyrir að vera með oflátungshátt og talið sig standa framar öðrum þjóðum. Hún vonar að þjóðin muni læra eitthvað af þessum mistökum og gangi fram með aðeins hógværingi og auðmýkri hætti en hún hafi hingað til gert.<sup>22</sup>

---

<sup>22</sup> Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2010, 16. mars).

### 3. Ímyndarsmíðin og orðræðan í samfélaginu

Ímyndarsmíðinni og viðskiptasigrum auðmanna fylgdu væntingar, þeir voru settir á stall og urðu fyrirmyndir margra. Umfjöllunin í fjölmiðlum og orðræðan í samfélaginu áttu stóran þátt í að gera þá að stjörnum sem almúginn fylgdist stoltur með. Hverjar voru íslensku stjórnunar á góðæristímanum? Meðal einstaklinga sem voru mest áberandi í fjölmiðlum þá voru fjárfestar. Í 2. tölublaði *Frjálsrar verslunar* árið 2005 var birtur listi 15 helstu fjárfesta Íslands, samkvæmt upplýsingum blaðsins. Röðin var eftirfarandi:

1. Björgólfur Thor Björgólfsson
2. Jón Ásgeir Jóhannesson
- 3.- 4. Lýður og Ágúst Guðmundssynir
5. Ólafur Ólafsson
6. Jón Helgi Guðmundsson
7. Hannes Smáráson
8. Pálmi Haraldsson
9. Magnús Þorsteinsson
10. Karl Wernersson
11. Björgólfur Guðmundsson
12. Jóhannes Jónsson
13. Þorsteinn Vilhelmsson
14. Þorsteinn Már Baldvinsson
15. Róbert Melax<sup>23</sup>

Fjallað er ítarlega um mennina fimmtán í blaðinu og fjárfestingasögu þeirra. Í sömu umfjöllun kemur einnig fram að komur erlendra blaðamanna, sem sérhæfa sig í skrifum um viðskipti, séu að verða daglegar. Oftar en ekki hafi þeir bankað upp á hjá *Frjálsri verslun* til að ræða viðskiptalífið. Algengasta spurningin sé um „ungu ljónin“ í viðskiptalífinu og hvort fjárfestingar þeirra geti verið traustar þegar fjárfest sé svona hratt og mikið – og hvaðan fjárfestarnir fái allt fjámagnið. Ritstjórinn sjálfur segist „ætíð“ hafa svarað á þessa leið:

---

<sup>23</sup> Jón G. Hauksson. (2005:16)

[Að] á endanum séu það fjárfestingarnar sjálfar sem verði að bera sig. Allar fjárfestingar í hlutafé séu áhættusamar og að hluthafar fái hagnað af fjárfestingum sínum á tvennan hátt, í gegnum arðgreiðslur og í gegnum hækkandi gengi hlutabréfa – sem að lokum heitir söluhagnaður af bréfunum.<sup>24</sup>

Því til viðmiðunar er merkilegur bútur í ritstjórnargrein Jóns G. Haukssonar, þar sem hann fjallar um nýútgefinn *Forbes* lista yfir 500 auðugustu menn heims. Jón vitnar í grein eftir Árna Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, í *Morgunblaðinu*, „Forbes og fátæktin“, og er ánægður með að Árni skuli hafa stungið niður penna til að vekja athygli á því að bilið milli fátækra og ríkra í draumalandi frjálshyggjunnar (Bandaríkjunum) væri eilífðarmál. Að mati Jóns hafi Árna tekist það „án þess að vera með skæting út í athafnamenn“ og þetta hefur Jón orðrétt eftir Árna:

Dugandi og framsæknir menn eiga að fá svigrúm til að auðga og efla fyrirtæki sín innan ramma laga og reglna. Slíkir menn eru mikilvægur drifkraftur hvers samfélags. En auður verður ekki til af engu og sú krafa er bæði sjálfsögð og eðlileg, að auðnum fylgi skilningur og viðurkenning á samfélagslegri ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja.<sup>25</sup>

Hugtakið „samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“, skilningur og beiting þess, var til umfjöllunar í grein Dagnýjar Arnarsdóttur og Brynhildar Davíðsdóttur í *Rannsóknunum í félagsvísindum X*. Þær stöllur segja að ekki hafi skapast sátt um eina, ríkjandi skilgreiningu á hugtakinu á Íslandi. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja hafi verið skilgreind af íslenskum fagaðlium í opinberri umræðu, en misjafnt er hvað lagt er til grundvallar.<sup>26</sup> Þær nefna dæmi um að eigandi auglýsingastofu telji að fyrirtæki þurfi að finna sér nýtt tungumál sökum breyttra þjóðfélagsaðstæðna og að hugtakið „samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“ hafi fengið nýja og neikvæða merkingu; margir telji

---

<sup>24</sup> Jón G. Hauksson. (2005:16-18)

<sup>25</sup> Jón G. Hauksson. (2005:6).

<sup>26</sup> Dagný Arnarsdóttir og Brynhildur Davíðsdóttir. (2009:103).

hugtakið tákna fjárstuðning stórfyrirtækja sem lauk með hveli árið 2008. Hann gerði einnig stöðu og framtíð hugtaksins að umtalsefni:

Það er þetta með samfélagslega ábyrgð [...] það fer eftir því [í] hvernig samfélagi maður býr, hvaða ábyrgð maður getur tekið á samfélaginu. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja núna lýtur fyrst og fremst að því að skapa áfram atvinnu fyrir starfsmenn sína – að reka fyrirtæki sem lifir af þessa tíma og þannig standa sig gagnvart sínu starfsfólki er lang-, lang-, langsamlega mikilvægast.<sup>27</sup>

Aleida Guevera (dóttur Che Guevera byltingarleiðtoga Kúbverja 1959) tók í sama streng í erindi sem hún hélt um hnattvæðingu í Háskólanum í Reykjavík 15. febrúar 2006. Að hennar mati er nýfrjálshyggja meira vandamál í heiminum en hnattvæðing. Hún hefur áhyggjur af breikkandi bili milli fátækra og ríkra. Litla orðið „virðing“ hefur gleymst í samskiptum ríkra og fátækra og virðing sé eina leiðin til að halda frið.<sup>28</sup>

Þótt til séu mörg viðtöl við útrásarmenn er ekki vitað með vissu hver metnaður og gildi allra þeirra voru eða hvaða augum þeir litu samfélagslega ábyrgð og sinn þátt í henni. Í sömu ritstjórnargrein *Frjálstrar verslunar* og áður hefur verið vitnað í, minnst Jón G. Hauksson á forsíðuviðtal tímaritsins *Forbes*. Þar er haft eftir Björgólfi Thor Björgólfssyni, sem var nýr á lista yfir þá 500 ríkustu í heimi, þegar hann var spurður að því hver hefði verið drifkraftur hans í viðskiptum:

Virðing er mér efst í huga. Völd og peningar eru aðeins leiðin til virðingar. [...] Ég hef öðlast þá virðingu sem ég vildi. Nú get ég hafið seinni helming lífsins.<sup>29</sup>

Það virðist sem misjöfn gildi liggja að baki sama hugtakinu, sem ætti að vera það sem í raun sameinar fólk. Það er kannski ekki fráleitt að Björgólfur Thor nefnir að völd og peningar séu leiðin til virðingar, því virðingin sem hann sóttist svo mikið eftir

---

<sup>27</sup> Fyrirtæki þurfa að finna nýtt tungumál. (2009, 1. febrúar:12-13).

<sup>28</sup> Halla Gunnarsdóttir. (2006, 16. febrúar:12-13).

<sup>29</sup> Jón G. Hauksson. (2005:6).



endurspegladist ekki síður í fjölmiðlum. Ef rýnt er í þrjú stærstu dagblöðin árið 2006 (*Morgunblaðið*, *Fréttablaðið* og *DV*) kemur hann, ásamt mörgum af listanum úr fyrrgreindu tölublaði *Frjálsrar verslunar*, nokkuð oft fyrir þar í fréttum og umfjöllun – iðulega á jákvæðan hátt.

### 3.1 Djúpstæð áhrif á siðferði og viðmið

Í litlu samfélagi eins og á Íslandi var óhjákvæmilegt að lífsstíll auðmannastéttarinnar hefði áhrif langt út fyrir raðir hennar, enda voru viðmiðin eitthvað sem ekki hafði þekkt hér áður. Í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, lýsir eftirfarandi texti mjög vel hugarfarinu sem ríkti meðal margra:

Fjöldi fólks reisti sér burðarás (sic) um öxl við að eltast við lífshætti auðmanna, t.d í kaupum á dýrum íbúðum og flottum bílum. Fjármálastofnanir hvöttu fólk óspart til lántöku og buðu allt að 100% lán til kaupa á íbúðum og bílum. Allir virtust geta orðið ríkir. Dansinn í kringum gullkálfinn var stiginn af miklum krafti þar til allt hrundi. Því miður átti þó eftir að koma á daginn að ríkidæmið var að mestu tekið að láni – rétt eins og allt annað.<sup>30</sup>

---

<sup>30</sup> Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal, Kristín Ástgeirsdóttir. (2010:84-85).

#### 4. Slúður sem samskiptafl í mannkynssögunni

Eflaust eru til margar skilgreiningar á hugtakinu slúður, jafnvel ólíkar eftir menningarsvæðum. Þekktasta skilgreiningin er þó að slúður sé sögusagnir sem komið er á kreik, jafnt um persónur sem smærri og stærri hópa fólks. Baktal og níð eru orð sem mögulega koma einnig upp í hugann. Gróa á Leiti í sögunni *Pilti og stúlku* eftir Jón Thoroddsen er meðal þekktustu slúðurbera íslenskra bókmennta. Í sögunni er henni meðal annars lýst á þennan hátt:

Gróa var fengsöm og húsgöngul; hún var og vitur kona og svo fróð um alla hluti, að hún vissi fyrir víst, hvað skammtað var hvert mál á flestum bæjum í öllu því byggðarlagi; aldrei trúði hún meir en einum í senn fyrir trúnaðarmálum; og svo var hún orðvör, að aldrei greindi hún sögumann; var það jafnan orðtæki hennar, er hún sagði frá einhverju: Ólyginn sagði mér, en hafðu mig samt ekki fyrir því, blessuð! Ávallt vissi hún að haga svo orðum sínum, við hvern sem hún talaði, að hverjum fyrir sig virtist sem Gróa ætti engan betri vin hér á jörðu en sig og að hún væri engum trú nema sér einum.<sup>31</sup>

Kannski var Gróa ranglega fordæmd, því það hlýtur að krefjast töluverðrar samskiptahæfni eða félagsfærni að láta viðmælanda sínum hverju sinni finnast hann vera sinn traustasti og besti vinur. Félagshæfni er samansafn þátta í fari fólks sem auðvelda samskipti og samvinnu. Hugtökin félagsþroski og félagsþæfni eru meðhöndluð sem samheiti í bók Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og skilgreind sem „yfirhugtak um skilning fólks á samskiptum og hæfni þess í samskiptum, auk siðferðiskenndar þess og skilnings á fyrirbærum og reynslu sem ekki er siðferðilegs eðlis, til dæmis skilnings á siðum og venjum fólks.“<sup>32</sup>

---

<sup>31</sup> Jón Thoroddsen. (1948:34).

<sup>32</sup> Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007).

Í grein sinni „The Science of Gossip: Why We Can't Stop Ourselves“ sem birtist í tímaritinu *Scientific American*, nefnir bandaríski sálfræðiþrófessorinn Frank T. McAndrew að til forna, nánar tiltekið á steinöld, hafi slúður hjálpaði mannfólkinu að þrífast í umhverfi sínu, því lífið gekk mikið til út á samskipti manneskjunnar við ýmsar aðstæður. Hann segir félagshæfni hafa snemma verið nauðsynlega mannum vegna þess að í umhverfi sínu varð hann að þekkja og greina vini frá óvinum út frá hegðun og sérkennum. Brýnt var að þekkja til einkamála annarra. Nú á tímum er eftirsóknarvert að geta hugsað í möguleikum og aðstæðum þegar kemur að samskiptum við fólk, því fyrirsjáanleiki hegðunar ókunnugra krefst þeirrar getu. Meira að segja er svæði í heilanum tileinkað getunni að muna og greina andlit. Að mati McAndrew verðum við að reiða okkur á þetta svæði, hvort sem okkur líkar betur eða verr, til að stýra okkur í nútímaveröld, fullri af tækni og ókunnugum.<sup>33</sup>

Í nútímasamfélögum lætur slúður okkur finnast við tengdari öðrum, svo lengi sem það er gert á viðeigandi hátt. Menning er mismunandi eftir þjóðum og þjóðarbrotum en alls staðar má finna einhvers konar slúður. Þróun þess og fyrirferð er misjöfn og mætir víða gagnrýni. McAndrew segir að þrátt fyrir harðar gagnrýnisraddir innan félagsvísindanna í garð menningar sem byggst hefur upp í kringum umfjöllum um frægt fólk, endurspegli menningin einhvers konar samansafn af flæði persóna og sé í raun ekkert meira en óhjákvæmilegt framhald af árekstri 21. aldar fjölmiðlunar og hugarfars á steinöld.<sup>34</sup>

---

<sup>33</sup> McAndrew, F. T. (2008).

<sup>34</sup> McAndrew, F. T. (2008).

#### 4.1 Margar hliðar slúðurs

Í sínu einfaldasta formi er slúður markviss leið sem einstaklingar nota til að koma sjálfum sér og sínu orðspori á framfæri á kostnað annarra. Að deila slúðri með öðrum segir McAndrew að sé dæmi um djúpt traust því þá sé því treyst að viðkomandi muni ekki nota dýrmætar upplýsingar á þann hátt að þær skaði þann sem miðlar slúðrinu. Að deila leyndarmálum tengi fólk saman. Sá sem ekki taki þátt í slíku sé talinn á jaðrinum og síður samþykktur af hópum.<sup>35</sup>

Í *Íslendingasögum* má finna samskipti sem sýna að rógburður virðist vera hluti af persónueinkennum sumra og jafnvel félagsleg færni þeim sjálfum í hag. Í *Brennunjálssögu* segir frá samskiptum Marðar Valgarðssonar við Njálssyni og Kára Sólmundarson. Í sögunni er Merði lýst sem annáluðum fyrir illmensku sína, undirferli og lygar. Hann fer með ósannindi til þess að stofna til illinda á milli Njálssona og Höskuldar fóstbróður þeirra:

Mörður mælti: „Mikill mannemunur verður með ykkur Njálssonum. Þú gafst þeim góðar gjafir, en þeir gáfu þér gjafir með miklu spotti.“ „Hvað færir þú til þess?“ segir Höskuldur. „Þeir gáfu þér hest brúnan, er þeir kölluðu vonfola [ungur og óreyndur hestur], og gerðu það til spotts við þig, því þeim þótti þú og óreyndur. Ég kann og það að segja þér, að þeir öfunda þig um goðorðið. [...]“ Nokkuru síðar fer Mörður að finna Njálssonu. Hann talaði margt við þá bræður og Kára. „Sagt er mér,“ segir Mörður, „að Höskuldur hafi það mælt, að þú, Skarphéðinn, hafir rofið sætt á Lýtingi. En ég varð þess vís, að honum þótti (sic) þú hafa haft við sig fjörráð, er þið fóruð austur til Markarfljóts. En þau þykir mér þó ekki minni fjörráð, er hann bauð þér til veislu og skipaði þér í útibúr það, það er first [fjærst] var húsum, og var þar borinn viður alla nóttina, og ætlaði hann að brenna yður inni. [...]“<sup>36</sup>

Þótt Mörður hafi notað slúður í annarlegum tilgangi er það einnig jákvætt afl í hópum; leið til að læra óskráðar reglur hópa í samfélaginu og menningar og ráða í norm þeirra.

<sup>35</sup> McAndrew, F. T. (2008).

<sup>36</sup> Brennu-Njálssaga. (2002:172-173).

Slúður getur einnig verið tæki til að afhúpa upplýsingar um einstaklinga og stjórna þeim sem þiggja án þess að leggja neitt af mörkum. Þeir geta freistast til þess að brjóta í bága við félagsleg norm hópa og taka meira en þeir gefa í staðinn; þrýsta á þá að verða betri þegnar.<sup>37</sup>

Ennfremur bendir McAndrew á í grein sinni að slúður sem skili árangri snúist um að vera góður leikmaður, hluti af heild, og deila lykilupplýsingum meðal liðsmanna á þann hátt að það verði ekki túlkað sem sjálfmiðað. Einnig þyki mikilvægt að skilja hvenær best er að þegja.<sup>38</sup>

## 4.2 Umfjöllun um frægt fólk

Slúður hefur lengi vel verið viðloðandi umfjöllun um frægt fólk og slíkt efni dregur að sér lesendur, áhorfendur og hlustendur um allan heim. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku urðu ákveðin kaflaskil í umfjöllun um stjórnur í kvikmyndabransanum árið 1948. Meiri „klassi“, upphafning og aðdáun var við lýði í umfjöllun um stjórnur frá upphafi 20. aldar og fram til ársins 1948. Í greininni „Smut Goes Corporate: TMZ and the Conglomerate, Convergent Face of Celebrity Gossip“ eftir Anne Helen Petersen, dokorsnema í heimspeki við háskólann í Texas, er fjallað um þessi kaflaskil sem höfðu þau áhrif að leikarar í Hollywood urðu berskjaldaðir fyrir neikvæðri umfjöllun. Stóru kvikmyndaverin á þessum tíma (Fox Film Corporation, Loew's Incorporated, Paramount Pictures, RKO Radio Pictures, Warner Bros, Universal Pictures, Columbia Pictures og United Artists) og gangverkið innan þeirra stýrðu vissri tegund af pólitík

---

<sup>37</sup> McAndrew, F. T. (2008).

<sup>38</sup> McAndrew, F. T. (2008).

þar sem stjórnur voru annað hvort upphafðar eða ekki. Þetta hafði áhrif á alla umfjöllun í tímaritum sem átti undir högg að sækja ef dálkahöfundar gerðu ekki eins og kvikmyndaverin vildu.

Dálkahöfundar, kvikmyndaverin og stjórnurnar höfðu samstarf sín á milli þar sem hver var háður öðrum. Stór kvikmyndaver höfðu fram að því gert langtímasamninga við leikara og með þeim stjórnað gjörðum þeirra á þann hátt að þeir gátu ekki gert smærri samninga við auglýsingafyrirtæki og aðra aðila. Á móti stjórnunni voru einnig umfjöllun um leikarana í fjölmiðlum og kappkostuðu að hún væri aðeins af hinu góða. Árið 1948 höfðaði leikkonan Olivia De Havilland mál gegn Warner Brothers veldinu. Hún vann málið og losnaði undan 7 ára samningi við það. Fleiri leikarar fylgdu í hennar spor og smám saman gátu kvikmyndaver ekki lengur eignað sér ímyndir eins og áður með langtímasamningum. Eftir það urðu ímyndir stjarnanna stjórnlausar og heillandi á nýjan hátt. Flóðgáttir slúðurs galopnuðust og ekkert varð heilagt lengur. Anne Helen bætir við og nefnir að á meðan daprar raddir segi að slúður sé smám saman að yfirtaka allan vott af heiðarleika í blaðamennsku, sé mikilvægt að minna á að þessi hefð og áhugi á frægu fólki sé ekki nýr af nálinni. Hann hafi verið viðloðandi kvikmyndabransann í heila öld. Fyrir 1909 hafi nöfn leikara ekki verið þekkt meðal almennings en árið 1912 hafi þau flest verið uppgötvuð. Líf stjarnanna utan kvikmyndanna hafi orðið að nýrri þekkingu og sannleika og sú þekking síðan þróast í vöru.<sup>39</sup>

---

<sup>39</sup> Petersen, A.H (2009:4-5).

### 4.3 Þáttur blaðamanna og lesenda

Hvernig hafa þessi mál þróast? Það virðist sem ekkert sé heilagt lengur og ekkert sem heitir virðing við einkalíf þekktra sem óþekktra einstaklinga í fjölmiðlum. Ólögbundin fréttaljósmyndun (it. paparazzi) er starfsgrein sem þróast hefur samhliða fjölmiðlum. Í greininni „Is Everyone a Journalist?“ tekur Tony Sonenshine, ráðgjafi hjá bandarísku rannsóknarstofnuninni Brookings, fyrir hlutverk þessa umdeildu „blaðamannastéttar“. Að mati Tony finnst „blaðamönnunum“ þeir vera í hlutverki landgönguliða í sístækkandi her upplýsingasafnara í starfsumhverfi þar sem upplýsingasöfnun og fréttáöflun hefur verið ruglað saman. Þeir gera næstum allt til að ná í myndefni. Merkilæg er sú staðreynd, sem Tony bendir á, að sömu ritstjórar og greiða fjárfúlgur fyrir myndefni frá þessum aðilum greina sig frá þeim og segja þá ekki vera lögbundna fréttaljósmyndara. Fjölmiðlanotandinn greinir heldur engan mun á því þegar hann sér myndirnar.<sup>40</sup>

Í bókinni *Media Scandals* er kafli tileinkaður skilningi á því hvers vegna fólk laðast að hneyksli í fjölmiðlum. Bandaríski mannfræðiprófessorinn Elisabeth Bird heldur því fram að það sé sama hversu oft fjölmiðlafræðingar og greinahöfundar skammast, fólk líkar hneyksli. Hneyksli selur dagblöð, heldur áhorfendum föngrum fyrir framan sjónvarpið og býður upp á endalausán samræðugrundvöll. Fólk túlkar merkingu og notar hneyksli daglega sem skref í átt að því að skilja ánægjuna sem það upplifir af slíkum fréttum. Skilgreindar „æsifrétir“ eru einkamáladrifnar sögur með áherslur á fólk sem hunsar félagsleg norm, hvort sem það eru stjórnur eða venjulegt fólk sem troðið er inn í sviðsljós með óvenjulegum atburðum. Ef minnst er á notendur fjölmiðla eru þeir oft fordæmdir á þann hátt að eitthvað sé sjúkt eða óvenjulegt við það að þeir

---

<sup>40</sup> Sonenshine, T. (1997).

laðist að „ómannbætandi“ fréttum. Hneykslissögur eru undantekningalaust í sagnaformi fremur er hnyttu og stutturðu fréttirnar. Fjölmiðlahneyksli byrjar kannski með stuttri frétt en þróast aðeins þegar henni er fylgt eftir með öðrum fréttum. Segjum svo að einhver frægur og vel metinn sé handtekinn. Þá eru dæmigerðar eftirfylgni-fréttir í kjölfarið um það hvernig slíkur heiðursmaður gat gert slíkt; ef þú treystir ekki slíkum manni, hverjum er þá treystandi? <sup>41</sup>

Heimspekingurinn, rithöfundurinn og fyrrum blaðamaðurinn Gunnar Hersveinn tileinkar fjölmiðlum einn kafla í bók sinni *Orðspor*. Að hans mati fjalla fjölmiðlar ekki um sannleika, heldur trúverðug sjónarhorn. Þeir endurspegla ekki samfélagið heldur taka þátt í mótun þess og geta því viðhaldið góðum og slæmum viðmiðum. Blaða- og fréttamenn á öllum fjölmiðlum þurfa að mati Gunnars Hersveins að búa við róg um að vera handbendi eða þjóna annarlegum hagsmunum. Þeir megi þó aldrei gleyma að vitundin um að standast freistingar og þrýsting sé ómetanleg. Hlutverk blaðamanna sem skrifi fréttaskýringar sé að veita yfirvöldum og þeim sem fari með fé almennings aðhald og miðla niðurstöðum til almennings. Gunnar Hersveinn bendir í framhaldi af því á að vandinn á íslenskum fjölmiðlum liggi ekki hjá fréttamönnum heldur stjórnendum ritstjórna og fréttastofa. Hlutverk þeirra eigi einungis að lúta að fréttum og fréttaskýringum. <sup>42</sup>

Jónas Kristjánsson tekur í svipaðan streng í kennsluefninu á vefsíðu sinni og segir að fréttir séu eitthvað sem hægt sé að tína út og matreiða. Flestar fréttir séu af ferli sem er í gangi. Rannsóknir sýni að fréttæfni eins og annað fjölmiðlaefni sé félagslega mótað. Hlutverk blaðamannsins sé að gera stóra og smáa valdhafa lífsins ábyrga fyrir gerðum

---

<sup>41</sup> Bird. E. S. (1997:99-101).

<sup>42</sup> Gunnar Hersveinn Sigursteinsson. (2008).



þeirra. Að mati Jónasar eiga valdamenn og valdastofnanir að bera ábyrgð á vandræðum, sem þessir aðilar geti valdið fólki.<sup>43</sup>

Ritstjórar taka oft að sér hlutverk siðferðisfrumkvöðla í samfélaginu. Bandaríski félagsfræðingurinn Howard Becker kallar þá „moral entrepreneurs“ eða krossfara.<sup>44</sup> Þeir sjái ýmislegt óæskilegt í samfélaginu sem þeir telji nauðsynlegt að brugðist sé skjótt við og af festu. Fréttaljósinu sé oft beint að sérstökum stöðum og ástandið málað dökkum litum. Krossfari sé ekki einungis áhugasamur um að sjá til þess að annað fólk geri það sem honum finnst rétt, hann trúi því að ef það sem það geri rétt verði gott fyrir það.<sup>45</sup> Í bók sinni *Folks Devils and Moral Panics* segir breski félagsfræðingurinn Stanley Cohen að fjölmiðlar stimpli einstaklinga eða hópa fólks sem eru taldir vera afbrigðilegir eða sýni hegðun sem líkleg sé til að víkja frá ríkjandi viðhorfum í samfélaginu. Fjölmiðlar hafi dýpri virkni en afþreyingu og að fréttir séu helsta uppspretta upplýsinga um samþykktu hegðun í samfélaginu. Fréttir segi einnig til um hvað sé rétt og rangt, hvar siðferðisleg mörk liggi.<sup>46</sup>

#### 4.4 Afstætt siðferði eða fljótfærnismat

Sannleikurinn er vandmeðfarinn og það er ekki alltaf staður og stund fyrir hann. Eitt alvarlegasta atvik sem tengja má beint við ristjórnarstefnu íslensks fjölmiðils var þegar karlmaður á sextugsaldri framdi sjálfsvíg á Ísafirði, sama dag og síðdegisblaðið *DV* sló því upp á forsíðu að hann væri grunaður um kynferðisbrot. Fréttin fjallaði um kær

---

<sup>43</sup> Jónas Kristjánsson. (2008b).

<sup>44</sup> Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, notar þetta orð *krossfarar* í kennslustundum, yfir ‘moral entrepreneurs’.

<sup>45</sup> Becker H. (1963).

<sup>46</sup> Cohen, S. (1972).

tveggja piltu á hendur manningnum fyrir kynferðislegt ofbeldi. Sjálfur hafði maðurinn sagt málið, sem var á frumstigi í réttarkerfinu, byggt á misskilningi. Ritstjórn *DV* lét nægja að orð stæði gegn orði og taldi rétt að birta mynd af manningnum á forsíðu. Fyrirsögnin var á þessa leið: „Einhentur kennari sagður nauðga piltum.“<sup>47</sup> Ritstjórn blaðsins á þessum tíma voru Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason og sögðu þeir upp störfum sínum í kjölfar málsins. Við stjórnartaumunum tóku Páll Baldvin Baldvinsson og Björgvin Guðmundsson.<sup>48</sup>

*DV* sætti mikilli gagnrýni og heift víða í samfélaginu í kjölfar fyrrgreindrar forsíðu. Það sýnir hveru víðtæk og sterk áhrif fjölmiðlar hafa. Fjölmiðlafræðingar hafa rannsakað áhrif fjölmiðla og viðbrögð þeirra sem þá nota. Fyrirsagnir gegna þar veigamiklu hlutverki, að mati Bryant Jennings og Oliver Mary Beth í bókinni *Media Effects*, þar sem þau taka fram að hugsun sem kallar fram spurningar án svara, margs konar uppsprettur eða furðulegar fyrirsagnir, hjálpi til við sannfæringu, en aðeins ef rökin í miðluninni reynist sannfærandi þegar þau séu skoðuð gaumgæfilega. Það dragi aftur á móti úr sannfæringu ef röksemdin virðist villandi. Þannig skipti þáttur fjölmiðlaneytenda einnig miklu máli, þegar fréttir séu lesnar og meðtekna.<sup>49</sup>

---

<sup>47</sup> Einhentur maður sagður nauðga piltum. (2006, 9. janúar:1).

<sup>48</sup> „Ritstjórnarskipti á DV.“ (2006, 13. janúar).

<sup>49</sup> Jennings, B. og Oliver, M.B. (2009).

## 5. Íslenskar stjórnur og saga fjölmiðlaumfjöllunar um þær

Hvenær ætli sé hægt að tala um upphaf íslenskrar fjölmiðlunar? Hér er vitnað til Brennu-Njálssögu:

Þar komu konur fátækar og kváðust komið hafa að langt. Þeir spurðu þær tíðinda. Þær kváðust engin kunna tíðindi að segja, en segja þó nýlundu nokkura. Þeir spurðu, hverja nýlundu þær segðu, og báðu þær eigi leyna. Þær sögðu svo skyldu vera: „Vér komum að ofan úr Fljótshlíð, og sáum vér Sigfússonu ríða alla með alvæpni...“<sup>50</sup>

Á þeim tíma sem Njálssaga gerist var förufólk sem lagði sig í framkróka við að leita fregna, fór á milli bæja og seldi fréttirnar. Launin voru í fríðu, góðum beinai eða gjöfum ef fregnirnar voru mikilvægar. Þessi flökkulýður gegndi mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu; tengdi saman bæi, sveitir og héruð með því að flytja nauðsynlegar upplýsingar. Auk þess fóru flökkumenn með sagnaskemmtun og kváðu rímur. Þannig uppfylltu þeir flestar þær þarfir sem nútímafjölmiðlun er ætlað að sinna – að upplýsa, fræða og skemmta. Á síðari hluta 19. aldar fór förumönnum óðum fækkandi og um 1900 voru aðeins örfáir slíkir eftir á rölti í sveitum landsins. Um þessa síðustu umrenninga eru varðveittar fjölmargar frásagnir, bæði prentaðar og óprentaðar, enda hafa uppátæki þeirra greinilega verið vinsælt umræðuefni.<sup>51</sup>

Íslenskri dagblaða- og tímaritamenningu var ýtt úr vör hér á landi með útgáfu *Minnisverðra tíðinda* 1798, um það bil einni öld áður en förumenn hurfu sem hluti af mannlífinu á Íslandi.<sup>52</sup> Fyrsti maðurinn sem hafði lífsviðurværi sitt af blaðamennsku á Íslandi var Sveinbjörn Hallgrímsson, ritstjóri *Þjóðólfs*, sem var róttækt blað í skoðunum og vakti töluverða ólgu meðal einhverra liðsmanna yfirvalda. Fyrsta

---

<sup>50</sup> *Brennu-Njálssaga*. (2002:201).

<sup>51</sup> Jón Jónsson. (1997, 7. júní).

<sup>52</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).

tölublað *Þjóðólfs* kom út 1848. Lýsing á kringumstæðum þegar ákvörðun var tekin um útgáfu blaðsins er á þessa leið í bók Guðjóns Friðrikssonar *Nýjustu fréttir!*:

Ákvörðunin, sem tekin var í myrkrinu í kirkjugarðinum, var að stofna blað, alvörublað sem átti að hafa það að markmiði að vekja þjóðina til dáða, ekkert embættismannablað, ekkert lognmollublað eins og þeir töldu að „póstarnir“ hefðu verið. Þeir ætluðu að feta í fótspor Hafnarblaðanna, *Ármanns á Alþingi* og *Fjölnis*, en þetta blað átti þó ekki að vera ársrit eins og þau heldur alvöru fréttablað sem kæmi út hálfsmánaðarlega.<sup>53</sup>

*Vísir*, dagblað, hóf göngu sína 1910 og var gefið út allt til ársins 1981, þegar það var sameinað *Dagblaðinu* sem *Dagblaðið Vísir (DV)*.<sup>54</sup> Í fyrstu tölublöðum íslenskra dagblaða, í byrjun annars áratugar 20. aldar, mátti finna greinar sem tilheyrðu slúðri eða upplýsingu sem ritstjórum þótti eiga erindi til almennings. Í þriðja tölublaði *Vísis*, dagsettu 10. desember 1910, er greint frá tveimur mönnum sem höfðu svipt sig lífi, en svo virðist sem framsetning slíkra fréttu hafi verið eðlileg og ótrúlega ítarleg.

**Sjálfsmorð:** *Arni Sigfússon*, real-stúdent frá Snjóholti í Fljótsdal skar sig á háls. Hann var um fertugt, nýkominn frá Ameríku.  
*Jóhann Magnússon*, bóndi á Hofsstöðum í Helgafellssveit hengdi sig 2. þ. m., var hann örendur er kona hans kom að honum.


55

Á næstu síðu sama tölublaðs eru svo þrjár tilkynningar sem eru af ólíkum meiði hver um sig:

<sup>53</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).

<sup>54</sup> Hagstofa Íslands. (1999:71).

<sup>55</sup> Sjálfsmorð. (1910, 14. desember:10).



56

Ljóst er að snemma þótti margt fréttæmt sem varðaði náungann og í 4. tölublaði *Vísis* var kominn dálkur sem nefndist: Frá útlöndum. Þar var fjallað um hróður Íslendinga á erlendri grundu, auk óhróðursfrétta af þekktum erlendum einstaklingum eins og þessum skapstyggja krúnuerfingja:

Frá Serbíu. Sjaldan er annað frjettæmara frá Serbíu að segja en eitthert (sic) hneykslið frá hirðinni og þá helst af Georg elsta syni konungsins. En hann varð fyrir skömmu að afsala sjer erfðatilkalli til krúnunnar, til þess að firra frekari vandræðum. [...] Prins Georg var þá að spila peningaspil við nokkra hershöfðingja. [...] ...lenti honum í orðspennu við þann sem mestu hafði tapað. Gerir hann sjer hægt um hönd og hendir í hann blómsturstjaka, sem stóð á borðinu. Hershöfðinginn þrífur þá spilabunka og hendir framan í prinsinn. Prinsinn varð óður af reiði greip skambyssu og ætlar að myrða manninn en því var afstýrt með snarheitum.<sup>57</sup>

Umfjöllun á næstu síðu í sama tölublaði er um fjölþreifinn leikhússtjóra í Kaupmannahöfn. Eflaust hefur þurft mikinn kjark og þor kvenna til að kæra slíkt á þessum tíma. Í lok greinarinnar ber við örlítilli kímni í bland við alvarleika málsins:

Leikhússtjóri Fritz Petersen, sá er stýrt hefur Casino og Dagmar leikhúsi í Kbh., hefur orðið að hætta því starfi vegna þess að fjöldi leikmeya kærði hann fyrir að vera sjer of nærgöngulan. Þær höfðu lengi þagað yfir þessum búsiþjum, en svo var þýskur leikhússtjóri dæmdur fyrir sama brot og því fengu þær vind – í seglin.<sup>58</sup>

<sup>56</sup> Embættispróf. Alberti. Fjalla Eyvindur. (1910, 14. desember:11).

<sup>57</sup> Frá Serbíu. (1910, 21. desember:14).

<sup>58</sup> Leikhússtjóri. (1910, 21. desember:15).

*Morgunblaðið* er elsta dagblaðið sem enn er gefið út, án sameiningar eða nafnabreytinga. Fyrsta tölublað kom út 1913.<sup>59</sup> Í fyrstu tveimur tölublöðum *Morgunblaðsins* voru fréttir af svipuðum toga. Í því fyrsta er greint frá róstusemi, ryskingum og handalögmáli á fundi Heimastjórnarfélagsins Fram. Hannes Hafstein þótti að mati meirihluta fundarmanna hæfastur núlifandi Íslendinga til að gegna ráðherrastöðu og lýst var megnri óánægju yfir tilraunum nokkurra Heimastjórnarmanna að veikja stöðu hans og bola honum úr sessi.<sup>60</sup> Í næsta tölublaði, á forsíðu, er örstutt framhaldsfrétt um sama mál, en í það sinn er sagt frá því að svo mikil viðbrögð hefðu orðið við ryskingunum að kalla hefði orðið til bæjarfógeta til að stilla til friðar.<sup>61</sup> Á þriðju síðu fyrsta tölublaðs *Morgunblaðsins* er dálkurinn „Landar erlendis“, sem svipar til dálksins í *Vísi*. Þó er ólíkt með dalkunum að í *Morgunblaðinu* eru, að minnsta kosti fyrst um sinn, einungis jákvæðar fréttir af Íslendingum og raunar angan af stolti:

Guðm. Kamban hefur samið nýtt leikrit, sem hann kallar Kongeglimen. [...] Er leikritið vel ritað og tilkomumikið og þykir þeim, er handritið hafa lesið, það áhrifameira en hið fyrra leikrit hans Hadda padda, sem hefur verið til sýningar á konunglega leikhúsinu í Khöfn. Telja menn vafalaust, að Kongeglimen verði og einnig sýnt á leikhúsum erlendis. En það er óprentað ennþá. Þeir sækja sig, landar vorir, erlendis.<sup>62</sup>

Ef miðað er við lokasetninguna í ofangreindri umfjöllun sýndu íslenskir fjölmiðlamenn snemma mæðartakta vegna góðs gengis landa sinna. Í sama dálki eru byggðar upp væntingar til íslensks manns í listmálaranámi og túlka má að miklu skiptir vinátta hans og skáldsins sem einnig er fjallað um:

Jón listmálari Stefánsson, sem síðustu árin hefur hefur dvalið í Parísarborg við málaránám í listaháskólanum, er nú seztur að í Danmörku. Býr hann í

---

<sup>59</sup> Hagstofa Íslands (1999:71).

<sup>60</sup> Framfundur í gærkvöldi. (1913, 2. nóvember:2).

<sup>61</sup> Framfundurinn. (1913, 3. nóvember:1).

<sup>62</sup> Landar erlendis. (1913, 3. nóvember:3).

Charlottelund við Khöfn, í húsi, sem vinur hans Jóhann skáld Sigurjónsson á, og málur hann þar margt og mikið, sem oss vonandi síðar gefst kostur á að kynnst.<sup>63</sup>

Á svipaðan máta er sagt frá stórsöngvaranum Pétri Jónssyni, sem dvaldi í Berlínarborg. Hann hafði sungið í dýragarðinum ásamt mörgu öðru frægu söngfólki og hlotið mikið lof fyrir. Vitnað er í þýsk blöð því til stuðnings sem spöruðu honum víst ekki stóryrðin:

Sérstaka eftirtekt vakti hinn ungi söngvari Pétur A. Jónsson<sup>64</sup> frá Reykjavík á Íslandi. Röddin er undrafögur, og þó salurinn sé einhver hinn stærsti (sic) í Berlínarborg, þá naut röddin sín svo átakanlega og hljómaði langt út fyrir garðinn. Engum var klappað jafn mikið og innilegt lof í lófa, sem hr. Jónsson.<sup>65</sup>

Blaðamaður bætir við að Pétur sé ráðinn í stórt fjölleikahús og muni dvelja í Þýskalandi enn um hríð og endar á þessum orðum: „Er oss eigi lítill sómi að eiga slíkan söngvara sem Pétur.“<sup>66</sup> Fréttin um Pétur var einmitt í dálknum um landa erlendis. Í sama dálki var síðan áhugaverð frásögn um Vilhjálmm Stefánsson norðurheimskautsfara. Amerísk blöð munu eitthvað hafa fjallað um hann og í þetta skipti að hann væri horfinn í leiðangur norður í höf. Vilhjálmmur stundaði nám við háskóla í Norður-Dakota en var rekinn þaðan vegna þess hve ill áhrif hann þótti hafa á hina nemendurna. Vilhjálmmur var að sögn blaðamanns ómannblendinn maður og fór mikið einförum og þóttu það því tíðindi meðal háskólamanna þegar hann var rekinn. Nú var annað upp á teningnum:

Háskólaráðið hefir heiðrað á allar lundir, eftir að hann kom heim úr fyrri ferðinni og hafði fundið „hvítu skrælingjana“. Hélt hann m.a. í háskólanum fyrirlestra um leiðangur sinn og var honum haldin mikil veizla á eftir.<sup>67</sup>

---

<sup>63</sup> Landar erlendis. (1913, 3. nóvember:3)

<sup>64</sup> Pétur mun líklega fyrstur Íslendinga hafa lagt út á söngbrautina og gerst atvinnusöngvari, að einum undanteknum, Ara Jónssyni, sem lengi var óperusöngvari í Þýskalandi.

<sup>65</sup> Landar erlendis. (1913, 3. nóvember:10).

<sup>66</sup> Landar erlendis. (1913, 3. nóvember:10).

<sup>67</sup> Landar erlendis. (1913, 3. nóvember:10).

Við þetta er svo bætt, líklega til áhersluaukningar í anda *Ljóta andarungans* eftir H. C.

Andersen og *Öskubusku* eftir Grimms bræður:

Spá amerísk blöð, að eigi verði þess langt að bíða, að hann verði gerður heiðursdoktor við sama háskóla, sem einu sinni vildi eigi við honum líta.<sup>68</sup>

Vegna þess að í ritgerð þessari er blandað saman slúðri, ríkidæmi, pólitik, áhrifafólki og efnahagslegu siðferði, þykir höfundu eftirfarandi frásögn eiga vel við. Hún er úr fyrsta tölublaði *Morgunblaðsins*, eins og margar fyrrnefndar greinar, en hún ber yfirskriftina „Auðmaður og jafnaðarmaður“:

Maður er nefndur Winstor (sic) Astor og á heima í Bandaríkjunum. Hann er sonur Johns Astors, auðmannsins nafnkunna, sem fórst með Titanic. Það hefir vakið eftirtekt um allan heim, að Astor hinn yngri hefir hallast á sveif með jafnaðarmönnum, og ákveðið að taka til ræktunar 6000 ekrur af landi því er hann á, en þar hafa eigendurnir hingað til stytst sér stundir með dýraveiðum. Auk þess hefur hann látið í veðri vaka, að hann ætlaði að koma þar á fót iðnaðarfyrirtækjum. Laun verkamanna sinna hefur hann einnig hækkað af miklum mun og gefið ýmsum nýjum ábúendum stórar landspildur. Astor þessi er 21 árs að aldri og er ríkasti maður sinna jafnaldra.<sup>69</sup>

Í lok greinarinnar er minnst á móður hans sem ekki list á blikuna og sé á leið til hans frá Evrópu til að setja ofan í við hann og koma honum á rétta braut. Blaðamaður bætir svo við að gaman verði að vita hvernig „kerlingunni“ muni ganga.<sup>70</sup>

Íslensk dagblöð komu ekki til sögu fyrr en *Morgunblaðið* og *Visir* hófu göngu sína, en blöð eins og *Ísafold* gáfu út fregnmiða ef mikið lá við. Fregn barst með símskeyti frá Danmörku þess efnis að Adler Alberti, ráðherra Íslandsmála í Danmörku, hefði gefið sig fram við lögregluna og játað á sig stórfelld fjársvik.<sup>71</sup> *Ísafold* birti heilsíðu umfjöllun um málið 30. september 1908 og rekur þar sögu ráðherrans. Athyglisvert er

---

<sup>68</sup> Landar erlendis. (1913, 3. nóvember:10).


<sup>69</sup> Auðmaður og jafnaðarmaður. (1913, 3. nóvember:6).

<sup>70</sup> Auðmaður og jafnaðarmaður. (1913, 3. nóvember:6).

<sup>71</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).



að greinin er skrifuð í Kaupmannahöfn 11 dögum áður. Dregnir eru fram athyglisverðustu punktarnir á eftirfarandi hátt:



72

Mögulega er þetta fyrsta afbrotufrétt sinnar tegundar í íslensku dagblaði. Íslendingar hafa snemma byrjað að nýta sér símskeytaformið og fréttaritara eins og í þessu tilfalli. *Morgunblaðið* réði til sín fréttaritara í Kaupmannahöfn, London og Kristjáníu (Oslo), sem öfluðu þeim daglegra fréttu. Það varð til þes að *Vísir* tók einnig við sér í slíkum fréttaflutningi. Samkeppni blaðanna varð hörð og óvægin á heimsstyrjaldarárunum fyrri, þegar komu við sögu erlendu fréttastofurnar *Ritzau* og *Reuters*.<sup>73</sup>

Nýir straumar urðu í íslenskri blaðamennsku árið 1933, þegar Finnbogi Rútur Valdimarsson, menntaður og víðförlur ungur maður, tók að sér ritstjórn *Alþýðublaðsins*. Að hans mati var íslenskum blöðum ábótavant og stóðust engan samanburð við erlend blöð. Hann sópaði auglýsingum af forsíðu blaðsins og setti í staðinn fréttir í líflegum stíl ásamt myndum. Einnig stækkaði hann fyrirsagnaletur, jafnvel yfir þvera síðu, hafði fyrirsagnir og inngang. Hann lagði á það áherslu að

<sup>72</sup> Alberti-hneykslið. (1908:1).

<sup>73</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).

fréttirnar ættu að byrja á aðalatriði og stíllinn væri einfaldur og hnitmiðaður. Oft setti hann fram fréttir í æsifréttastíl og vísaði þar með veginn fram á við. Það fór illa í samkeppnisaðilana sem kvörtuðu yfir því í leiðurum sínum að ætlun hans væri fyrst og fremst að hafa blaðið „spennandi“ með „svívirðingum á forsiðu sem söludrengir geti hrópað hátt á götunni svo blaðið gangi út“.<sup>74</sup>

Eftir því sem leið á 20. öldina litu blaðamenn æ meira á sig sem sérstaka atvinnustétt sem hefði fyrst og fremst trúnað við starf sitt sem fag. Yfirráð stjórnmalaflokka yfir helstu fjölmiðlum töfðu þá þessa þróun.<sup>75</sup> Vísir braust undan áhrifavaldi Sjálfstæðisflokksins og stofnun *Dagblaðsins* 1975 var stór áfangi í átt til óháðrar blaðamennsku. Á 8. áratugnum ruddu nokkrir blaðamenn svonefndri rannsóknarblaðmennsku braut, með Vilmund Gylfason (sem starfaði sem greinahöfundur hjá *Vísi* og *Dagblaðinu*) og Halldór Halldórsson (fyrrum ritstjóri *Helgarpóstisins*) í broddi fylkingar. Vilmundur innleiddi orðtakið „löglegt en siðlaust“ um ýmsar athafnir sem þrífust í skjóli embættismannakerfis og samtryggingar stjórnmalaflokkanna. Með þessu vildu þeir veita ríkisvaldinu meira aðhald en áður og sökkva sér ofan í frumskóg íslenskra efnahags- og fjármála í leit að misferli og spillingu. Gagnrýnendur nýju blaðamennskunnar kölluðu hana æsifréttamennsku sem ýtti undir að allir stjórnmalaflokkar og öll yfirvöld væru svikul. Frávikið frá flokksblaðamenskunni og stóraukin samkeppni fjölmiðla leiddi líka til þess að blaðamenn gengu nær einkalífi manna en áður. Hin nýja stefna íslenskra fjölmiðla varð til þess að umræður og deilur um siðferði þeirra hófust. Siðdegisblöðin (*Vísi* og *Dagblaðið*) og *Helgarpósturinn* lágu undir ámæli um að fjalla um eynd og óhamingju

---

<sup>74</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).

<sup>75</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).

einstaklinga í máli og myndum, jafnvel selja ógæfu þeirra, án þess að sýna fram á hver væri rót vanda þeirra.<sup>76</sup>

---

<sup>76</sup> Guðjón Friðriksson. (2000).

## 6. Umfjöllun þriggja stærstu íslensku dagblaðanna í febrúar 2006 um auðmenn og fjárfesta

### 6.1 Morgunblaðið:

Í *Morgunblaðinu* 4. febrúar 2006 er greint frá viðskiptaþingi á vegum Viðskiptaráðs Íslands. Ágúst Guðmundsson, stjórnaformaður Bakkavarar, flutti þar erindi um sína framtíðarsýn á Ísland árið 2015. Haft er eftir honum að hann hafi ákveðnar skoðanir á því hverjar áherslur Íslendinga eiga að vera við framtíðarstefnumótun. Með EES samningnum hafi frjálsræði verið innleitt á Íslandi sem meðal annars hafi leitt til verulegrar kaupmáttaraukningar og þjóðfélagsbreytingar sem átt hafi sér stað hafi leitt til þess að Ísland væri æ minna háð framleiðslu. Ágústi taldi að Íslendingar þyrftu að átta sig á að þeir myndu ekki byggja afkomu sína á framleiðslu í framtíðinni. Hraði samfélagsins og hraði breytinga kallaði á hraðari vinnubrögð og skjótari ákvarðanatöku.<sup>77</sup>

Í sama tölublaði er viðtal við Kenneth Baker lávarð, stjórnarformann Teather & Greenwood og fyrrum ráðherra í ríkisstjórn Margaretar Thatcher og John Major, sem staddur var á aðalfundi Landsbankans. Þar er fyrirsögnin: „Íslendingar eiga greinilega nóg af peningum“ og finna má í viðtalinu setningar eins og „Íslendingar áræðnir og snöggir.“ „Innrásin mun halda áfram.“ „Vorur álitnir brjálaðir.“ „Drekkur te með [Margareti] Thatcher.“ „Bankarnir verða á undan mér.“ Viðtalið undirstrikar trúna sem margir, jafnvel mikils metnir og reynsluríkir erlendir aðilar, höfðu á íslensku útrásinni og arkitektum hennar.<sup>78</sup>

<sup>77</sup> Ísland 2015 – viðskiptaþing á vegum Viðskiptaráðs Íslands. (2006, 5. febrúar:22).

<sup>78</sup> Björn Jóhann Björnsson. (2006, 6. febrúar:6).

Í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis *Fall íslensku bankanna* eru eftirfarandi ummæli höfð eftir Björgólfi Guðmundssyni, stjórnarformanni Landsbankans, á aðalfundi fyrir starfsárið 2005:

„Breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækja verða að vera í sátt við þau samfélög sem fyrirtækin starfa í. Verði farið of geyst er hætt á að sáttabönd rofni og að færri fagni verðskuldaðri velgengni fyrirtækjanna og þeirri almennu hagsæld sem henni getur fylgt.“<sup>79</sup>

Kafli í sama bindi er tileinkaður samfélagslegri ábyrgð, viðskiptavinum bankanna, lífeyrissjóðum og lúxuslífinu sem sumir lifðu. Tíðarandinn var þannig í kjölfar hrunsins að með einkavæðingu og nýrri kynslóð stjórnenda voru sett viðmið um launakjör og kaupréttarsamninga, gjarnan tengd afkomu bankanna. Hagur eigenda og stjórnenda var að sýna sem besta afkomu og greiða sem hæstan arð. Slík viðmið, vöxtur og efnisleg gæði, höfðu einnig djúpstæð áhrif á samfélagið allt og gildismat einstaklinganna.<sup>80</sup>

Eigendum og stjórnendum stærstu íslensku bankanna var mikið í mun að koma að gróða sínum og velgengni í fjölmiðlum og voru þau meðal annars tíunduð í *Morgunblaðinu*. Greint er frá því 10. febrúar að sjálfkjörið hafi verið í stjórn Landsbankans á árlegum aðalfundi og ákveðið að starfsmenn fengju 300 þúsund króna kaupauka. Útgerðarkonan Guðbjörg Matthíasdóttir, þá titluð kennari, var meðal bankaráðsmanna, en hún er núna einn helsti eigandi Árvakurs, útgefanda

---

<sup>79</sup> Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal, Kristín Ástgeirsdóttir. (2010:58)

<sup>80</sup> Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal, Kristín Ástgeirsdóttir. (2010:84-85)

*Morgunblaðsins*.<sup>81 82</sup> Ákveðið var á sama fundi að þóknun til hvers bankaráðsmanns til aðalfundar 2007 skyldi verða 175.000 á mánuði.<sup>83</sup>

Í annarri frétt segir frá því að bankastjórar Landsbankans, Sigurjón Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fóru yfir stöðu bankans og sögðu m.a. að fjárhagsstaða hans væri meðal þess sem best gerðist og það, ásamt háu eignafjárhlutfalli og góðri áhættudreifingu, staðfesti að Landsbankinn stæði vel undir því lánsþæfismati sem hann hefði. Erlendir greiningaraðilar höfðu á þeirri stundu bent á mögulega fallveltu íslensku bankanna og áhrif á erlenda aðila á íslenskum fjármálamarkaði. Bankastjórararnir tveir svöruðu því og sögðu að þar hafi ekki verið tekið nægilegt tillit til ýmissa jákvæðra þátta sem hefðu verið að gerast í íslenska fjármálakerfinu. Bankinn væri í stakk búinn að mæta áföllum, engin verðbólga á hlutabréfamarkaði.<sup>84</sup> Í sama tölublaði sagði að árið 2005 hafi eignir Björgólfs Thors Björgólfssonar, eins af eigendum Landsbankans, verið á lista Forbes metnar á 1,4 milljarða dala.<sup>85</sup>

Kaupþing banki efndi af svipuðu tilefni, í þessum sama febrúarmánuði, til blaðamannafundar þar sem stjórnendur hans sögðu Íbúðalánasjóð vera tímaskekkju og hlutverki hans lokið. Ástæðan var sú að brotið var blað í fjármálasögu Íslands þegar lánsþæfismatsfyrirtækið Moody's gaf skuldabréfaútgáfu Kaupþings banka til þess að fjármagna íbúðalán hæstu mögulegu lánsmatseinkunn sem hægt er að fá, eða Aaa. Fram að því hafði aðeins ríkissjóður og fyrirtæki á vegum hans hlotið slíka einkunn.

---

<sup>81</sup> Starfsmenn Landsbankans fá 300 þúsund króna kaupauka. (2006, 6. febrúar:10).

<sup>82</sup> „Morgunblaðið – Árvakur.“ (2011).

<sup>83</sup> Starfsmenn Landsbankans fá 300 þúsund króna kaupauka. (2006, 6. febrúar:10).

<sup>84</sup> Erlend hlutabréfaeign tæpur helmingur. (2006, 10. febrúar:10).

<sup>85</sup> Novator mun horfa til landa utan Evrópu. (2006, 7. febrúar:14).

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings banka, sagði þennan árangur að þakka frumkvæði og hugmyndaauði og fjármálalegri verkfræði starfsmanna bankans.<sup>86</sup>

## 6.2 DV

Líkt og áður hefur komið fram birti *DV* fæstar fréttir um íslensku fjármálafyrirtækin, í samanburði við stærstu útgefna dagblöðin árið 2006 - 2008.<sup>87</sup> Í febrúarmánuði 2006 voru fréttir í dægurmála-, skemmtunar- og slúðurstíl þó meira áberandi í *DV* en hinum dagblöðunum. Í einni opnunni veltu álitsgjafar blaðsins upp þeirri spurningu hver væri hinn eini sanni Íslendingur. Þar lenti Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, í 4. sæti á eftir Bjarti í Sumarhúsum (1. sæti), Geir Ólafssyni (2. sæti) og Lindu Pétursdóttur (3. sæti). Umsagnir álitsgjafa voru áþekkar. Bankastjórnarnir og peningamennirnir íslensku, sem voru að þeirra mati að „leggja undir sig heiminn“, voru oft nefndir af álitsgjöfum [sem komu víða að úr samfélaginu, þar af tveir stjórnálamenn]. Hreiðar Már var oftast nefndur og einnig Bjarni Ármannsson, hjá Íslandsbanka. Dæmi um umsögn: „Þeir eru hinir dæmigerðu Íslendingar; ekki með minnimáttarkennd gagnvart neinu, ógeðslega duglegir, vilja meika það í útlöndum, hvort sem þeir eru klárir eða ekki, þá ala þeir samt með sér þann draum í brjósti að slá í gegn á listasviðinu og syngja við ýmis tækifæri og eru ógeðslega skemmtilegir.“ Einnig: „Eru duglegir vinnuákar. Hreiðar Már er skýrt dæmi um slíkan mann. Einn af vandamállausu mönnum.“<sup>88</sup>

---

<sup>86</sup> Hjálmar Jónsson. (2006, 8. febrúar:11).

<sup>87</sup> Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. (2009:250-251).

<sup>88</sup> Hinn eini sanni Íslendingur. (2006, 4. febrúar:32-33).

Fjallað um hagnað íslensku bankanna: KB banka, Íslandsbanka og Landsbanka, sem tvöfaldast á milli ára og að starfsmenn bankanna græði á tá og fingri. Nefndir eru sérstaklega Sigurjón Árnason, Hreiðar Már Sigurðsson og Bjarni Ármannsson.<sup>89</sup> Fram kemur í *DV* að 2005 hafi verið gott ár í sögu Landsbankans því hann skilaði methagnaði: 25 milljörðum króna. Helga Jónasdóttir, formaður starfsmannafélags Landsbankans, hafði þetta að segja í einni frétt: „...við erum afar þakklát fyrir 300.000 króna kaupauka enda ber stjórnendum engin skylda til að borga okkur eitthvað aukalega. Það er afar góður starfsandi hérna og skiptir þar miklu um að eigendur bankans virðast meta fólk að verðleikum“.<sup>90</sup>

Í umfjöllun annars af ritstjórum *DV*, Páls Baldvins Baldvinssonar, um árlegt viðskiptaþing, kemur fram að forráðamönnum helstu fyrirtækja landsins var gefinn kostur á að viðra skoðanir sínar á framtíðarmöguleikum Íslendinga í atvinnulífinu. Fram kom í umfjöllun *DV* að menn í atvinnurekstri hafi margoft áður viðrað skoðanir sínar á stórum pólitískum stefnumálum þjóðarinnar og farið mikinn. Oftast hafi atvinnulífið verið gagnrýnt fyrir aukin ríkisumsvif, háa skatta og gjöld. Að mati ritstjórans voru það helst þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem leyfðu sér að taka undir einstaka liði í gagnrýni af þessum toga. Þá segir í umfjöllun *DV* að á viðskiptaþinginu hafi ungir og öflugir kólfar í ólíkum rekstri borið fram ferskar og nýstárlegar hugmyndir um leið og þeir hafi gagnrýnt stjórnarflokka og stjórnarandstöðu stillilega fyrir kolranga stefnu. Meðal þeirra voru Ágúst Guðmundsson Bakkavararbróðir og Hreiðar Már Sigurðsson í KB banka. Ritstjórinn endar umfjöllunina á þessum orðum:

---

<sup>89</sup> Starfsmenn bankanna græða á tá og fingri. (2006, 8. febrúar:6).

<sup>90</sup> Björgólfsfeðgar fá 1,3 milljarða í arð. (2006, 7. febrúar:6).



„Ætli það sé ekki óþægilegt í virðulegheitum dragta og jakkafata að fá svona yfirhalingu: allt sem þú stendur fyrir í atvinnumálum er tóm tjara, vinur!“<sup>91</sup>

Útrásarvíkingarnir voru áberandi í mannlífinu og eitthvað var um gagnrýni í þeirra garð. Þótt þeir létu ýmislegt gott af sér leiða, til dæmis fjárframlög til stofnana, samtaka og menningar, skorti þá stundum tillitssemi og þolinmæði. Meðaljóninn átti það til að smella af myndum, meðal annars með síma sínum og senda sem „skúbb“ til ritstjórna dagblaðanna. Á forsíðu *DV* 13. febrúar er stór mynd af rándýrum glansjeppa Hannesar Smárasonar og fyrirsögnin á þessa leið: „Er flugkóngurinn fatlaður?“ Hannes hafði lagt bílnum í stæði fatlaðra við húsnæði Hotel Nordica. Blaðið leitaði álitsformanns Sjálfsbjargar, sem sagðist undrandi á því að eins áberandi menn og Hannes skyldu leggja bílum sínum í stæði merktum fötluðum einstaklingum.<sup>92</sup>

Eins og áður hefur komið fram laðar slúður að sér lesendur. Auðmenn góðærisins ferðuðust mikið á milli landa og héldu margmennar veislur. Meðal gesta mátti finna vini þeirra, samstarfsmenn, kollega, vandamenn og jafnvel fjölmiðlamenn, stjórnálamenn og forseta Íslands. Í *DV* 25. febrúar 2006 er heilsíðuumfjöllun um íslenska milljarðamæringa sem voru staddir á sama tíma í London. Samkvæmt heimildum blaðsins var þeirra á meðal þorri jöfra í íslensku fjármála- og viðskiptalífi. Einum gestanna varð svo að orði: „Slökkti einhver ljósið þegar þið fóruð?“ Birgir Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri Iceland Express, sagði að flugvélar hafi allar verið troðfullar til London þá vikuna, en Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, vildi ekki gefa upp aðrar upplýsingar en þær að flogið væri tvisvar á dag til London með vélum félagsins. Fjölmarginir umræddra ferðamanna fóru að fylgjast með

---

<sup>91</sup> Páll Baldvin Baldvinsson. (2006, 10. febrúar:2).

<sup>92</sup> Er flugkóngurnn fatlaður? (2006, 13. febrúar:1).

knattspyrnuliði Eiðs Smára Guðjohnsens, Barcelona, etja kappi. Samkvæmt heimildum DV mátti heyra yfirlýsingar eins og að íslenska hafi verið áberandi á áhorfendapöllum leikvangsins, ekki hafi verið sniðugt að segja dónalega brandara á íslensku og Baugur hafi að lokum slegið til veislu í glæsilegum klúbba í Soho hverfinu og greitt fimm til sex milljónir fyrir veisluna. Á gestalistanum, sem fylgdi umfjöllun DV, voru utan fjármálageirans, forsætisráðherra, þingmenn og aðstoðarmenn þeirra, fjömiðlamenn, athafnamenn, útgáfustjórar og skemmtikraftar.<sup>93</sup> Það vekur athygli [en þó ekki furðu] að engin kona er nefnd. Á sömu blaðsíðu er fyrirferðarlítill, en skærgulur dálkur með eftirfarandi spurningu, sem er merkileg samhliða fyrrgreindri umfjöllun og eiginlega í sömu andrá örlítill raunveruleikavakning og kaldhæðni: „Er góðærið búið?“ Stefán Ólafsson, prófessor, svarar þeirri spurningu á þessa leið:

„Nei, ég hef ekki trú á því. Ég held að það sé ástæða fyrir okkur til að hægja svolítið á en forsendur fyrir því að áfram sé haldið eru ágætar. Auðvitað er ákveðin ógnun fólgin í misvægi og spákaupmennsku á fjármálamörkuðum. En ég hef ekki þá trú að það sé komið að hruni, allavega ekki strax.“<sup>94</sup>

### 6.3 Fréttablaðið

*Fréttablaðið* flutti næstflestar fréttir af íslenskum fjármálafyrirtækjum, eins og áður hefur komið fram.<sup>95</sup> Efst vinstra megin á blaðsíðu 2 í Fréttablaðinu hefur um skeið verið spurning dagsins og hún þá tengd við efni sem birtist í blaðinu daginn áður. Í tölublaðinu 13. febrúar 2006 birtist viðtal við Magnús Kristinsson, útgerðarmann í Vestmannaeyjum, sem um sama leyti keypti bílaleiguna Hertz. Áður hafði hann keypt Toyotaumboðið. Í viðtalinu sagðist Magnús ekki vera bílakóngur Íslands, en hins vegar

<sup>93</sup> Íslenskir milljarðamæringar í Soho. (2006, 25. febrúar:6).

<sup>94</sup> Er góðærið búið? (2006, 25. febrúar:6).

<sup>95</sup> Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. (2009:250-251).

væri hann mikill bíladellukarl. Spurning dagsins var á þessa leið: „Er þetta ekki orðin nokkuð dýr bíladella?“ Hann svarar því til að þetta sé farið að vinda upp á sig, en Toyota bílar séu svo góðir bílar að þetta sé vel þess virði.<sup>96</sup>

Sammerkt var með fréttum og umfjöllun *Fréttablaðsins* um íslensk fjármálafyrirtæki að þær voru allar á jákvæðum nótum um útrás, yfirtökur og aðra sigra. Sagt var frá því að sænska lággjaldaflugfélagið FlyMe, sem var að stórum hluta í eigu Fons eignarhaldsfélags, hafi tryggt sér kauprétt á öllum hlutabréfum litháíska flugfélagsins Lithuanian Airlines. Flotinn taldi fimm Boeing þotur og tvær minni SAAB vélar, auk 580 starfsmanna. Pálmi Haraldsson, annar eigenda Fons [sem var eigandi Iceland Express], sagði kaupin mikinn sigur fyrir íslenska flugsögu.<sup>97</sup>

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista ehf., var kjörinn formaður Viðskiptaráðs Íslands og tók við að Jóni Karli Ólafssyni, forstjóra Icelandair. Erlendur sagði af því tilefni: „Áherslunar eru þær að reyna að bæta á hverjum tíma samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs þannig að hér sé gott starfsumhverfi og fjölbreytt atvinnulíf.“ Hann bætti því við að brýnasta verkefnið framundan væri að fylgja eftir þeirri skattaumræðu sem Viðskiptaráð kom af stað um Ísland sem flatskattaland. Einnig yrði áhugavert að sjá hvað kæmi út úr störfum krónunefndarinnar, sem var sett á fót og ætlað að skoða stöðu krónunnar út frá öllum sjónarhornum. Þá kom einnig fram í sömu umfjöllun að í stjórn Viðskiptaráðs voru á þessum tíma forstjórar Lýsis hf., Sjóvár hf., Bakkavarar Group, Icelandair ehf., Alcan á Íslandi hf., Byko hf., KB banka hf., Baugs Group, Heklu, 365 hf., Landsvirkjunar og sjórnendur Landsbanka Íslands, Actavis Group og Hvals hf.<sup>98</sup>

---

<sup>96</sup> Spurning dagsins. (2006, 13. febrúar:2).

<sup>97</sup> Haslar sé völl í Litháen (2006, 13. febrúar:2).

<sup>98</sup> Fylgir settri stefnu (2006, 15. febrúar:4).

Franska athafnakonan Nadine Deswasiere, sem sat í stjórn Alfesca (áður SÍF) sat stjórnarfund og var viðstödd kynningu á nýju nafni fyrirtækisins á Íslandi í febrúar 2006. Blaðamaður Fréttablaðsins tók viðtal við hana og fyrirsögnin var örlítið gildishlaðin, eins og margar aðrar í dagblöðum á þessum tíma: „Franska ofurkonan í stjórn Alfesca“. Nadine var sögð eiga glæstan starfsferil að baki sem var talinn upp. Hún hafi hrifist af skýrri stefnu SÍF og hversu áreiðanlega, sterka og ekki síst skýra hugmynd Ólafur Ólafsson (stjórnarformaður SÍF) hafi haft um stefnu fyrirtækisins; að færa sig frá fyrra skipulagi og yfir á arðbærari markaði. Merkileg þótti þó áhersla Nadine, sem var ólík áherslum Ólafs, að minnsta kosti miðað við hvernig hlutirnir þróuðust næstu árin. Hún lagði nefnilega áherslu á það að fyrirtæki næðu árangri og vexti með ábyrgum og siðferðislegum hætti.<sup>99</sup>

Verslunarráð kemur aftur við sögu í opnuviðtali *Fréttablaðsins* við Jón Karl Ólafsson, forstjóra Icelandair Group. Fyrirsögnin nær yfir opnuna alla, enda löng: „Félagið stefnir á að halda sínu á þessu ári þrátt fyrir hátt olíuverð og hátt gengi krónunnar“. Jón Karl segir meðal annars: „Ég á sæti í Verslunarráði og þar höfum við verið að velta fyrir okkur hvað skapar útrás íslenskra fyrirtækja og hvað kemur til með að halda þeim í landinu. Af hverju heldur KB banki áfram að vera hér þegar 70% umsvifa hans eru í útlöndum? [...] Hér eru komnir nýir stjórnendur og menn horfa á flugmarkað sem er ótrúlega breytilegur og slík hreyfing á honum að varla þekkist annað. Hluti af þessu eru hversu hreyfanlegar fasteignir flugvélar eru og auðvelt að verða sér úti um þær.“ Hann

---

<sup>99</sup> Franska ofurkonan í stjórn Alfesca. (2006, 15. febrúar:10).

bendir einnig á að bankar séu líklegri til að lána peninga í flugvélakaup, en margvíslegan annan rekstur.<sup>100</sup>

Hinn árlegi Þekkingardagur er til umfjöllunar, en hann var árið 2006 haldinn í sjötta sinn. Forseti Íslands veitti verðlaun og þemað að þessu sinni var Stefnumótun. Þrjú fyrirtæki voru tilnefnd: Actavis, Avion Group og Bakkavör. Á Þekkingardaginn er einnig tilkynnt um val á viðskipta- og hagfræðingi ársins sem talið er hafa skarað framúr á þessu sviði. Árið 2005 var þemað „Leiðtoginn“ og var Sigurður Einarsson valinn hagfræðingur ársins.<sup>101</sup> Actavis hlaut þekkingarverðlaunin 2006 og Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, verðlaun sem viðskipta-/hagfræðingur ársins.<sup>102</sup> Stjórnendur Actavís voru ánægðir með viðurkenninguna og þökkðu fyrir sig með heilsíðuauglýsingu í næsta tölublaði Fréttablaðsins undir yfirskriftinni „10.000 verðlaunahafar.“<sup>103</sup>

Einu neikvæðu fréttirnar í garð héraðs fjármálafyrirtækja var gagnrýni erlendra banka, sem sögðu að stoðirnar væru ekki nægilega sterkar. Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, svaraði þessari gagnrýni með því að fagna áhuga erlendra banka á íslenska fjármálakerfinu en gerði þrá kröfu að úttektir þeirra á íslensku bönkunum byggðu á réttum upplýsingum. Á aðalfundi bankans sagði hann að ekki væri hægt að alhæfa um alla íslensku bankana í úttekt einna eða tveggja erlendra aðila. Hann sagði bankann sterkari en nokkru sinni fyrr og engin krosseignatengsl væru milli Landsbankans og stærstu eigenda hans, eins og hafi komið fram í erlendum

---

<sup>100</sup> Ætla að halda í horfinu eftir metár í farþegaflutningum. (2006, 1. febrúar:12-13)

<sup>101</sup> Þekkingardagurinn á morgun. (2006, 1. febrúar:14).

<sup>102</sup> Actavis best í stefnumótun. (2006, 3. febrúar:24).

<sup>103</sup> 10.000 verðlaunahafar. (2006, 14. febrúar:13).

úttektum. Áhætta af starfsemi bankans hafi aldrei verið minni.<sup>104</sup> Önnur frétt af sama tilefni ber fyrirsögnina: „Bankarnir segja gagnrýni byggða á misskilningi“. Í fréttinni segir að íslensku bankarnir reyni að bregðast við gagnrýni greiningarfyrirtækja á rekstur þeirra.<sup>105</sup> Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka, svarar fyrir hönd KB banka og segir að Fitch hafi með lánsþæfismati sínu metið það svo að líkurnar á því að skuldbindingar ríkissjóðs fari í vanskil hafi aukist:

„Allir þokkalega viti bornir menn hljóta að sjá að svo er ekki. Aðalmálið er að þetta er lánsþæfismat. Það er verið að meta líkurnar á því að eitthvað verði ekki greitt. Ég held að allir hljóti að sjá að líkurnar á því hafa ekki aukist.“<sup>106</sup>

Blaðamaður spyr Sigurð út í það að Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, hafi velt þeirri spurningu upp vikuna áður hvort ríkissjóður og Seðlabankinn gætu staðið að baki fjármálakerfinu ef á reyndi; hvort undirstofnanir efnahagskerfisins hefðu þann styrki sem þyrfti og hvort myntin og hagkerfið réðu við úþpensluna. Því svarar Sigurður á þessa leið:

„Það hvarflar ekki að mér að taka þátt í þessari umræðu því það mun ekki reyna á það hvort ríkið eða stofnanir þess standi að baki fjármálafyrirtækjum. Íslenskir bankar eru sterkari nú en nokkru sinni áður. Menn verða að horfa á það í því samhengi en menn horfa stundum bara á aðra hliðina og taka ekki tillit til þess hverjar eru eignir kerfisins í dag.“<sup>107</sup>

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, hefur ekki miklar áhyggjur miðað við traustið sem hann hefur á sínum banka og sagði blákalt að heildsölubanki væri óþarfur. Er hann þar að tala um Íbúðalánasjóð. Tilefnið er að daginn áður tilkynnti KB banki um útgáfu skuldabréfaflokks til að mæta íbúðalánum sínum, flokks með sömu lánsþæfiseinkunn og skuldabréf íslenska ríkisins. Í fréttinni segir Hreiðar það vera

---

<sup>104</sup> Bankinn aldrei verið sterkari. (2006, 28. febrúar:6).

<sup>105</sup> Bankarnir segja gagnrýni byggða á misskilningi. (2006, 8. febrúar:10).

<sup>106</sup> Bankarnir sterkari en fyrr. (2006, 28. febrúar:2).

<sup>107</sup> Bankarnir sterkari en fyrr. (2006, 28. febrúar:2).

tímaskekkju að Íbúðalánasjóður starfi í samkeppni við bankana í starfsemi sem bankarnir hafi þegar sýnt að þeir geti sinnt með sambærilegum hætti.<sup>108</sup>

Það er ekki hægt að halda öðru fram en að menn hafi verið bjartsýnir og Hreiðar Már, nýverðlaunaður sem viðskipta- og hagfræðingur ársins, í fararbroddi meðal þeirra. Ein fyrrsögn í *Fréttablaðinu* í febrúar 2006 er svona: „Hér verði miðstöð fjármála og landið í Evrópusambandinu.“ Ísland 2015 var yfirskrift viðskiptaþings Viðskiptaráðs þar sem ræddir voru möguleikar þess að koma hér upp miðstöð fjármála. Hreiðar Már var meðal þeirra sem tóku til máls og sagði að mikilvægasta auðlind væri það traust sem aflað hafði verið í alþjóðaviðskiptum og varaði við ábyrgðarlausri umræðu þar sem vegið væri að því trausti. Hann benti einnig á að forsenda þess að hér yrði miðstöð fjármála væri að bankarnir yrðu hér áfram með höfuðstöðvar sínar, en rekstri hér fylgdi áhætta vegna krónunnar, því ef hún veiktist lækkaði um leið eiginfjárlutfall bankanna. Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group, var einnig fenginn til að vera forspár, en taldi það erfitt verk enda breytingar hraðari en nokkru sinni fyrr og vöxtur efnahagslífsins aldrei meiri. Hann sagði raunar fyrirséð að krónan héldist sterk.<sup>109</sup>

Fréttablaðið gerði í sama mánuði skoðanakönnun um merkasta Íslendinginn. Athyglisvert var að karlar nefndu karla og konur nefndu konur. Úrtakið var frekar lítið, en hringt var í 800 manns. Þar af tóku 40,9% afstöðu til spurningarinnar [rúmlega 300 manns]. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, hreppti titilinn. Björgólfur Thor Björgólfsson var meðal þeirra sem nefnd voru og ástæðan var viðbótin “ríkasti Íslendingurinn”. Tekið var fram að hann væri búsettur erlendis en væri á Íslandi öðru

---

<sup>108</sup> Heildsölubanki er óþarfur. (2006, 8. febrúar:1).

<sup>109</sup> Hér verði miðstöð fjármála og landið í Evrópusambandinu. (2006, 9. febrúar:22).

hverju til að heilsa upp á fjölskyldu og vini, fylgjast með fjárfestingum, halda erindi á aðalfundum fyrirtækja sem hann stjórnaði, eða bara til þess að slaka á. Fyrir að hafa hagnast mikið á því að selja bjórverksmiðju í Rússlandi, kaupa Landsbankann, Pharmaco og símafyrirtæki víðs vegar um Evrópu og ná inn á Forbes-listann yfir auðugustu menn landsins, völdu Íslendingar hann sem sjöunda merkasta núlifandi Íslendinginn.<sup>110</sup>

---

<sup>110</sup> Vigdís merkasti Íslendingurinn. (2006, 25. febrúar:26).



## 7. Við/hinir – ímyndarsköpunin

Í einni af fréttunum úr DV „Hinn eini sanni Íslendingur“ má örlítið greina á hvers konar ímynd álitsgjafar byggja skoðun sína. Hinir dæmigerðu Íslendingar séu þeir sem ekki hafi minnimáttarkennd gagnvart neinu en séu duglegir vinnualkar, vilji „meika það“ í útlöndum og séu skemmtilegir. Bankastjórar, eins og Hreiðar Már Sigurðsson, séu að þeirra mati vandamálalausir menn.

Hvernig var hegðun útrásarvíkinganna ólík hegðun hins almenna Íslendinga? Áhættusækni var títt nefnd sem mikilvægur kostur þeirra sem ætluðu sér að ná langt. Siðrofið samhliða allri áhættusækninni kom svo seinna í ljós þegar allt hrundi. Í formála skýrslunnar *Ímynd Íslands: styrkur, staða og stefna*, sem gefin var út af forsætisráðuneytinu árið 2008, kemur fram að forsætisráðherra hefði skipað nefnd árið 2007 til að gera tillögur um hvernig styrkja mætti ímynd Íslands. Nefndin var hvött til að leita ráðgjafar hjá aðilum í atvinnu- og menningarlífi sem hafi með ímyndarmál Íslands að gera. Í kafla sem fjallar um skýra framtíðarsýn er varðar ímynd og einkenni er meðal annars þessi setning:

Með ímynd þjóðar er átt við samsafn skoðana, viðhorfs og upplifana sem einstaklingar eða hópar, t.d. neytendur, fjárfestar og fjölmiðlar, hafa um tiltekna þjóð.<sup>111</sup>

Síðar í sömu skýrslu eru ímyndarkreppur til umfjöllunar. Þær stafa, að mati nefndarinnar, af því að Íslendingar hafi að undanfögnu orðið áþreifanlega varir við ranghugmyndir erlendra miðla um Ísland, sérkennilega umfjöllun sem byggst hafi á skorti á upplýsingum og misskilningi. Einnig á ytri aðstæðum sem litlu sé hægt að ráða um. Annars vegar sé nefnt að ímynd hvalveiðipjóðarinnar hafi verið svert með óvægri

---

<sup>111</sup> *Ímynd Íslands: styrkur, staða og stefna*. (2008).

umfjöllun og hins vegar hremmingar í íslensku efnahags- og viðskiptalífi. Ímynd Íslands væri ekki nægilega öflug til að vinna gegn ranghugmyndum á borð við þær sem ógni atvinnu- og efnahagslífi, hagþróun og samfélagsgerð.<sup>112</sup>

## 7.1 Nýlenduherrar efnishyggjunnar

Thor Jensen fékk, eins og áður hefur komið fram, viðurnefnið „hinn síðasti mikli landnámsmaður“ og langafabarn hans, Björgólfur Thor Björgólfsson, viðurnefnið „útrásarvíkingur“. Þessi viðurnefni minna bæði á margan hátt á nýlenduherra. Á tímum nýlendustefnunnar héldust kristniboðinn og nýlenduherrann hönd í hönd og réttlætningin fyrir yfirgangi þeirra var siðmenning frá vestrænum heimi. Hans Bertens, prófessor í amerískum fræðum við háskólann í Utrecht í Hollandi, fjallar um þetta í bók sinni *Literary Theory* og segir að framganga nýlenduherranna einkennist af eðlishyggju og hugmynd um sjálfsmýnd: „Við skiljum hin betur en þeir sjálfir og getum lýst þeim betur. Við erum fulltrúar rökhyggjunnar og upplýsingarinnar en hinir fylgja eðlisávisun og tilfinningum.“ Í slíkri hugsun felst þjóðernishyggja um að „við“ séum ólíkari „hinum“, einhvers konar miðja og jaðar, stigveldi þar sem siðmenning er sett ofar náttúru, nútíðin ofar fortíðinni og svo framvegis.<sup>113</sup> Það gleymist svo oft að þegar við skilgreinum aðra segjum við eitthvað um okkur sjálf í leiðinni. Framganga íslensku útrásarvíkinganna var á vissan hátt svipuð, þar sem sannfæringarmátturinn hjálpaði til við að breiða út jákvæðan boðskap efnishyggju og fjárfestinga.

Í bók sinni *Hugarfar og hagvöxtur* vitnar Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, í hagfræðinginn og félagsvindakanninn Max Weber, í kafla um þróun kapítalískis

---

<sup>112</sup> *Ímynd Íslands: styrkur, staða og stefna*. (2008).

<sup>113</sup> Bertens, H. (2008).

þjóðskipulags. Samkvæmt skilningi Webers byggist það á því markmiði að fullnægja efnalegum þörfum og safna eigum. Það hafi alltaf verið til menn sem ásældust efnisleg gæði með valdbeitingu, braski eða ævintýramennsku. Ásókn í gróða og ríkidæmi sé ekki ný af nálinni, segir Stefán, en það sem sé nýtt í nútímakapítalisma sé að þjóðfélagið allt sé skipulagt með hliðsjón af markmiðinu, með kerfisbundnum vinnuaga, hagsýni og kaldri reiknislist.<sup>114</sup>

Frægustu ummæli sem líklega voru höfð eftir einum af íslensku útrásarvíkingunum lýsir viðhorfi þeirra í góðærinu betur en nokkur önnur: „Ég á þetta, ég má þetta!“ Setninguna á Hannes Smáráson, fyrrum forstjóri Icelandair og FL-Group. Í frétt á vef Ríkisútvarpsins frá 20. apríl 2010, vitnar Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrverandi forstjóri FL-Group, í þessi fleygu orð til að lýsa viðhorfi Hannesar gagnvart félaginu. Hún segir að sér hafi ekki líkað hvernig Hannes umgekkst FL-Group og neitar ásökunum um að hafa verið borgað fyrir að þegja um starfslok sín hjá félaginu.<sup>115</sup>

---

<sup>114</sup> Stefán Ólafsson. (1996).

<sup>115</sup> „Hafði ekki nægar sannanir“. (2010).

## 8. Hvítflibbabrot á Íslandi og viðhorf til þeirra

Hinn dæmigerði íslenski almúgi dáðist að öllu því sem auðmenn gátu leyft sér, rétt eins og efnað fólk leyfði sér í erlendum slúðurfréttum. Þegar kom að því að fjalla um þá sem sakamenn er verulega áhugavert hvað þeir „þurfa“ að borða, klæðast, sofa á og svo framvegis; eitthvað sem ekki er tekið fram sérstaklega þegar um aðra afbrotamenn er að ræða. Almennungi finnst líklega erfitt að tengja þá við glæpi því þeir stálu ekki beint úr vösum þeirra eða veskjum, heldur með flóknu fjármálakerfi. Almennigur hefði brugðist öðruvísi við ef útrásarvíkingur hefði brotist inn hjá þeim og rænt. Efnamenn eru líka snyrtilega klæddir, glæsileikinn umvefur þá og frægðin, jafnvel þegar þeir eru í járnnum og með iðrunarlaust fas eða svipmót.

Í þingsályktunartillögu Bryndísar Hlöðversdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur frá árinu 1995 um sérstakan ákæranda í efnahagsbrotum, kemur einmitt fram að rannsókn og meðferð efnahagsbrota skapi ýmis siðræn vandamál. Viðhorf almennings til þeirra séu oft önnur en til annarra brota. Má þar nefna að fólk lítur ekki endilega á skatta-, bókhalds- og tollalagabrot sem alvarleg afbrot, en þjófnaðir eða eignaspjöll eru litin mjög alvarlegum augum. Brot, sem eru framin í atvinnurekstri, eru gjarnan réttlætt með því að lögin séu gölluð eða fullnægi ekki þeim þörfum sem viðskiptalífið krefst en einnig með því að þau hafi verið tilraun til að bjarga atvinnurekstrinum. Þá er oft mjög erfitt að rekja eða mæla tjón af efnahagsbrotum. Þrátt fyrir umtalsverða skaðsemi slíkra brota er oft erfitt að benda á einn einstakan brotþola. Einnig eru þau viðskipti sem brotin varða óvenju flókin og aðeins á valdi örfárra sérfræðinga að þekkja þau.<sup>116</sup>

---

<sup>116</sup> Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. (1995).

Í bók norsk-franska dómarsins og Evrópuþingmannsins Evu Joly og frönsku blaðakonunnar Mariu Malagardis *Hversdagshetjur*, er meðal annars fjallað um frjálsu frönsku sjálfboðaliðasamtökin Transparency International [T.I.] og baráttu þeirra gegn spillingu, fjárdrætti og skattaparadísunum. Meðal þeirra er Daniel Lebégue, sem fylgir hugsjón sinni en forðast sviðsljósið. Hann var áður hátt settur embættismaður hjá franska ríkinu og hefur ákveðnar siðferðislegar hugmyndir um opinbera þjónustu sem á að þjóna almannahagsmunum. Hann segir fólk ekki treysta stjórnámálamönnum né fjölmiðlum lengur til að sinna hlutverkum sínum og treysti samtökum eins og T.I. til að upplýsa spillingarmálin. Fyrir Daniel er alþjóðlega fjármálakreppan bara fyrirsláttur, tækifæri til að láta í sér heyra, en raunverulega markmiðið sé enn og aftur baráttan gegn spillingunni.<sup>117</sup>

---

<sup>117</sup> Joly E. & Malagardis M. (2009).

## 9. Umfjöllun á vefsíðum *Morgunblaðsins*, *Vísis* og *DV* í kjölfar hruns

Óhætt er að segja að umfjöllun um útrásarvíkinga hafi breyst mikið í kjölfar hrunsins í október 2008. Það ríkti einhvers konar doði í samfélaginu strax á eftir og viss afneitun, en svo braust reiði fram með byltingu og ný ríkisstjórn tók við taumunum í kjölfar þingkosninga vorið 2009. Rannsókn sérstaks saksóknara hófst af fullum krafti og menn voru kallaðir til yfirheyrslu hver af öðrum. Hreiðar Már Sigurðsson var sá fyrsti, 6. maí 2010 [kl. 15:09] og DV sagði frá handtökunni og nafngreindi hann, þrátt fyrir að sérstakur saksóknari hafi ekki gert það. Krafist var tveggja vikna gæsluvarðhalds yfir Hreiðari Má.<sup>118</sup>

*Vísir* fylgir á eftir [kl. 15:15] og segir að Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hafi verið handtekinn af sérstökum saksóknara í hádeginu. Farið hafi verið fram á tveggja vikna gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómari tók sér sólarhrings umhugsunarfrest og yrði Hreiðar Már því í haldi lögreglu að minnsta kosti til morguns. Því er bætt við að sérstakur saksóknari hafi haft til rannsóknar meinta allsherjar markaðsmisnotkun Kaupþings. Í lokin er sagt að Hreiðar Már hafi verið skattakóngur á Íslandi um tíma.<sup>119</sup>

Tíu mínútum síðar birtist frétt um málið á vefsíðu *Morgunblaðsins*: Sérstakur saksóknari hafi farið fram á að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði Hreiðar Má Sigurðsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, í tveggja vikna gæsluvarðhald. Dómari hafi ákveðið að taka sér lögmeiltan frest til uppkvaðningar og á meðan væri Hreiðar vistaður í fangaklefa lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Til rannsóknar væri m.a. grunur um skjalabrot, auðgunarbrot, brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti og loks brot gegn

---

<sup>118</sup> Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2010, 6. maí).

<sup>119</sup> „Hreiðar Már Sigurðsson handtekinn.“ (2010, 6. maí).

hlutafélagalögum. Til grundvallar rannsókninni væru kærur frá Fjármálaeftirlitinu og önnur gögn. Að lokum var þess getið að samkvæmt heimildum fréttavefs *Morgunblaðsins*, væri Hreiðari Mía haldið í fangaklefa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við Hverfisgötu.<sup>120</sup>

Á vefsíðu *DV* í febrúar síðastliðnum birtist frétt eftir blaðamanninn Inga Frey Vilhjálmsson, um að Hannes Smárason, þáverandi stjórnarformaður FL Group, hefði árið 2005 beðið undirmann sinn hjá FL Group, Einar Sigurðsson, að stofna reikning hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Þetta gerðist örfáum dögum áður en þrjú milljarðar króna voru millifærðir af reikningi FL Group í Landsbankanum til Lúxemborgar. Millifærslan var gerð án vitneskju þáverandi forstjóra FL Group og stjórnar félagsins. Umrædd upphæð nam á að giska um helmingi innistæðu á reikningi FL Group í Landsbankanum á þessum tíma. Millifærslan hefur verið til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra frá 2009 og er talin geta flokkast sem fjárdráttur og þar með brot á auðgunarbrotakafla hegningarlaga.<sup>121</sup>

Birgir Olgeirsson, sem einnig er blaðamaður hjá *DV*, skrifaði um þegar Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, var leiddur út af lögreglu úr húsakynnum embættis sérstaks saksóknara. Rannsóknin sneri að stórfelldri markaðsmisnotkun Landsbankans. Sjö voru færðir til skýrslutöku á sama tíma þann dag í tengslum við rannsókn sérstaks saksóknara á kaupum Landsbanka Íslands og lánveitingum bankans til hlutabréfakaupa. Þá voru einnig gerðar húsleitir á þremur stöðum.<sup>122</sup>

---

<sup>120</sup> „Hreiðar Mía handtekinn.“ (2010, 6. maí).

<sup>121</sup> Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2011, 18. febrúar a).

<sup>122</sup> Birgir Olgeirsson. (2011, 13. janúar).

Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður, skrifaði frétt um að Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans sem sat í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar sérstaks saksóknara, þætti hafa verið afar duglegur og vinnusamur maður – stundum jafnvel um of. Vísaði Ingi Freyr í ónafngreinda heimildamenn og álitsgjafa sem þekktu til Sigurjóns. Einn lýsti Sigurjóni sem eldhuga, annar að hann hafi unnið mjög langa vinnudaga í bankanum meðan hann stýrði honum og einnig unnið mikið heima hjá sér. Enn einn nefnir að eitt af því sem stungið hafi í stúf í stofunni hjá Sigurjóni á heimili hans í Granaskjóli hafi verið pappírstætari sem hann notaði til að eyða skjölum sem hann hafði tekið með sér heim úr bankanum og ekki máttu komast í umferð. Aðrir nefndu dugnað, góðan námsmann, afburðagreindan mann, mikinn kennara sem gæti munað heilu excel-skjölin af tölum. Einn bætti við: „En eins og oft er með svoleiðis menn þá hefur hann ekki mikla og djúpa skynjun á umhverfi sínu og því samhengi sem hann er í. Sigurjón setur hlutina bara upp í reikningsdæmi og tekur ákvörðun samkvæmt því. Þetta er mikill veikleiki hjá honum sem reynst hefur dýrkeyptur...“<sup>123</sup>

Í umfjöllun í *DV* kemur fram að meðal fyrrverandi bankamanna sem misstu vinnuna í hruninu sé vinsælast að fara út í ráðgjafarstörf. Margar nýjar ráðgjafarskrifstofur hafi sprottið upp úr hruninu. Sérstakur saksóknari efnahagshrunsins, Ólafur Hauksson, hafi til að mynda gert húsleit á skrifstofu eins ráðgjafarfyrirtækisins. Æðstu stjórnendur Landsbankans, þeir Sigurjón Árnason og Halldór Kristjánsson, hafi unnið við ráðgjafarstörf eftir efnahagshrunið. Í nóvember 2010 olli hneyksli þegar fréttist af því að Sigurjón væri starfandi sem ráðgjafi fyrir Baug í húsnaði í Austurstræti í eigu Landsbankans. Vegna umræðunnar sem spratt upp í samfélaginu um málið, sem og

---

<sup>123</sup> Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2011, 18. febrúar b).



aðkomu hans að Icesave-reikningunum, hætti hann við það, samkvæmt heimildum DV.<sup>124</sup>

Í júlí árið 2009 greindi DV frá því að athafnamaðurinn Magnús Ármann og Sigurjón Árnason fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hafi verið yfirheyrðir af embætti sérstaks saksóknara efnahagshrunsins. Yfirheyrslurnar tengdust rannsókn embættisins á hlutabréfakaupum félags í eigu Magnúsar á hlut í Landsbankanum. Samkvæmt heimildum DV tók Sigurjón Árnason ákvörðunina um að lána Magnúsi fyrir bréfunum og kaupin áttu sér stað þremur dögum áður en Fjármálaeftirlitið tók bankann yfir. Eina veðið fyrir láninu voru hlutabréfin sjálf sem urðu verðlaus þegar Landsbankinn var tekinn yfir. Í fréttinni kemur einnig fram að grunur leiki á að um sýndarviðskipti hafi verið að ræða og að ætlunin með kaupunum hafi verið að hafa óeðlileg áhrif á gengi hlutabréfa í bankanum eða losa einhverja hluthafa við bréfin áður en hann félli. Slíkt myndi flokkast sem markaðsmisnotkun og þar af leiðandi lögbrot sem varðað gæti allt að sex ára fangelsi.<sup>125</sup>

Í sömu nærmynd um Sigurjón Árnason segir frá því að hann gegndi fyrst ábyrgðarstöðu þegar hann varð formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands fyrir hönd Vöku árið 1990. Þá olli hneyksli innan skólans þegar upp komst að Sigurjón hafði látið Stúdentaráð greiða fyrir sig stöðumælasektir í stórum stíl. Sigurjón mun hafa útskýrt þetta sem svo að það hefði verið eðlilegt að Stúdentaráð borgaði stöðumælasektirnar þar sem hann hefði verið að vinna fyrir Stúdentaráð þegar hann fékk þær. Einnig kom í ljós að Sigurjón hafði látið Stúdentaráð greiða fyrir blómvendi sem hann færði þáverandi kærustu sinni. Þegar nýr meirihluti Röskvu tók við Stúdentaráði eftir

---

<sup>124</sup> „Bankamenn flykkjast í ráðgjöf.“ (2011).

<sup>125</sup> „Magnús Ármann og Sigurjón yfirheyrðir.“ (2009).

valdatíð Sigurjóns kom í ljós að búíð var að eyða gögnum um bókhald ráðsins út af tölvum þess.<sup>126</sup>

Annas Sigmundsson, blaðamaður DV, skrifaði í febrúar síðastliðnum að yfirheyrsla sérstaks saksóknara yfir Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrum bankastjóra Landsbankans, hafi staðið yfir í um sjö klukkustundir daginn áður. Annas lét þess getið að Sigurjón dveldi á Litla Hrauni eftir að hafa verið úrskurðaður í ellefu daga gæsluvarðhald ásamt Ívari Guðjónssyni, fyrrum forstöðumanni eigin fjárfestinga Landsbankans, en Ívar var úrskurðaður í sjö daga gæsluvarðhald.<sup>127</sup>

Sigurjón Árnason var ráðinn sem stundakennari við Háskólann í Reykjavík um áramótin 2008/2009 til að kenna inngangskúrs í fjármálaverkfræði. Gunnar Guðni Tómasson forseti tækni- og verkfræðideildar sagði Sigurjón hafa verið ráðinn á faglegum forsendum vegna þekkingar hans og kunnáttu og að það væri annarra stofnana að dæma um hvort hann hafi gert eitthvað af sér í öðrum störfum.<sup>128</sup>

Elín Sigfúsdóttir, yfirmaður fyrirtækjasviðs Landsbankans, tók við stöðu bankastjóra Landsbankans, en reiknað var með að þeir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Árnason myndu vera Elínu til ráðgjafar til að byrja með.<sup>129</sup> Athyglisvert er að fyrirsögn fréttarinnar var breytt (sjá vefslóðina í heimildaskrá) úr „Bankastjórar Landsbankans víkja“ í „Bankastjórar Landsbankans reknir“. Þarna gætir mögulegra áhrifa þess sem Howard Becker nefnir í bók sinni *Outsiders*, sem áður hefur verið minnst á, þegar

---

<sup>126</sup> „Sigurjón lét Stúdentaráð borga stöðumælasektirnar.“ (2009).

<sup>127</sup> Annas Sigmundsson. (2011, 16. febrúar).

<sup>128</sup> „Sigurjón kenndi faglegar aðferðir.“ (2009).

<sup>129</sup> „Bankastjórar Landsbankans reknir.“ (2009).

„siðferðisfrumkvöðlar“ og „krossfarar“ meðal ritstjórna. Fréttaljósinu er undir þeirra stjórn oft beint að sérstökum stöðum og ástandið málað dökkum litum.<sup>130</sup>

*DV*: Landsbankinn sparaði hvergi við opnun útibús í Hong Kong. Flogið var með um það bil fjörutíu gesti frá Evrópu til Hong Kong á fyrsta farrými auk þess sem allir gistu á fimm stjörnu hóteli. Taldir voru upp nokkrir, þeirra á meðal Elín Sigfúsdóttir, sem tók við sem bankastjóri Landsbankans, Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson. Nefnt var að áætlaður kostnaður við einungis gistingu og flug hefði verið rúmar tuttugu og fjórar milljónir. Blaðamaður notar eigin orð og gildismat í ritsmíðum sínum til áhersluaukningar: „Veislunni er lokið og nú þarf almenningur að borga fyrir ræstingarnar.“<sup>131</sup>

Ingi Freyr blaðamaður velti upp samskiptum Sigurjóns Árnasonar og Björgólfsfeðga og nefndi að komið hafi fram í fjölmiðlum að mikil spenna hafi verið á milli þeirra. Vitnaði hann í viðtal Viðskiptablaðsins við Björgólf árið 2010 þar sem Björgólfur sagðist ekki hafa verið „skuggastjórnandi“ í Landsbankanum og því ekki getað rekið Sigurjón þótt hann hefði viljað. Blaðamaður *DV* bætti því við að starfsmaður bankans sem vann þar í nokkur ár segði að hann hafi aðeins séð Björgólf einu sinni í bankanum en það var viku fyrir hrun.<sup>132</sup>

Í einu af tölublöðum *DV* í maí 2009 er vitnað í nýjasta hefti *Mannlífs* um að 300 af boðsgestum Landsbanka Íslands hefðu borðað risotto með gullflögum í ferð til ítölsku borgarinnar Mílanó sem bankinn bauð til í september 2007. Tvær farþegarþotur höfðu verið leigðar undir boðsgestina og þeir gist á einu flottasta hóteli Mílanó.<sup>133</sup> Sams

---

<sup>130</sup> Becker H. (1963).

<sup>131</sup> „Sukk Landsbanka í Hong Kong.“ (2009).

<sup>132</sup> Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2011, 17. janúar).

<sup>133</sup> „Átu gull í boði Landsbankans.“ (2009).

konar blaðamennska átti sér stað í mars 2010 þegar vitnað var í samskipti blaðamanns *Viðskiptablaðsins* og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, aðaleiganda 365 miðla. Blaðamaðurinn spurði Jón Ásgeir hvort búið væri að útvega milljarðinn sem félagið þyrfti að verða sér út um fyrir 1. apríl sama ár, til að uppfylla skilyrði í lánasamningum við Landsbankann og koma í veg fyrir gjaldfellingu láns upp á 4,2 milljarða ef hlutafjáraukningin gengi ekki eftir. Jón Ásgeir svaraði blaðamanni á þá leið að það kæmi honum ekki við.<sup>134</sup>

Aftur er vitnað í annan fjölmiðil í *DV* í marsmánuði 2009 og í það skiptið viðtal við Jón Ásgeir um hrúnið í *The Sunday Times*. Þar sagðist hann enn vera í sjokki því allt hafði gerst svo hratt og hann væri sorgmæddur. Hann hefði eytt ellefu árum í að byggja þetta [Baugsveldið] upp. En svona sé víst lífið. Blaðamaður *The Sunday Times* lýsti útlitsbreytingu á Jóni Ásgeiri sem annarri og verri en þegar hann var óttalaus. Bætti svo við að Jón Ásgeir drykki tíu dósir af Diet Coke á dag. Það verður svo fyrirsögn *DV*, einhverra hluta vegna.<sup>135</sup>

Efni fréttar frá því í maí 2010 gekk út á að Sölvi Tryggvason, þáttastjórnandi Spjallsins á Skjá einum, hafði fjallað um það á bloggsíðu sinni að Egill Helgason og Sveinn Andri Sveinsson hefðu í þætti Sölva verið sammála um að tilraunir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar til þess að kenna Davíð Oddssyni um aðgerðir slitastjórnar Glitnis væru eins og krampakippir. Sveinn Andri bætti um betur og sagði viðbrögð Jóns Ásgeirs líktust helst Tourette heilkenni. Sem sagt, frétt um álit tveggja manna úr einum spjallþætti og umræddur Jón Ásgeir fékk ekki tækifæri til að svara fyrir sig.<sup>136</sup>

---

<sup>134</sup> „Jón Ásgeir: „Þér kemur það ekki við.““ (2010).

<sup>135</sup> „Jón Ásgeir drekkur tíu Diet Coke á dag.“ (2009).

<sup>136</sup> „Krampakippir Jóns Ásgeirs.“ (2010).

Í nóvember 2010 greindi *DV* frá fyrirtöku í máli þrotabús Fons á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um var að ræða milljarðs króna lán sem Fons, félag Pálma Haraldssonar viðskiptafélaga Jóns Ásgeirs, veitti honum í júlí 2008. Þrotabú Fons vildi rifta millifærslunni á milljarðinum til Jóns Ásgeirs og að hann endurgreiddi upphæðina. Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, sagði í samtali við *DV* fyrr á því ári að milljarðurinn hafi síður en svo verið gjöf, heldur notaður til að greiða fyrir auglýsingasamning og Jón Ásgeir hafi svo lagt til sinn hluta af fjárfestingunni. Sigurður bætti við að ef sannað yrði að þetta hafi verið gjöf til Jóns þá væri gjöfum ekki rift nema hægt væri að sýna fram á að aðilinn hafi orðið ógjaldfær vegna gjafarinnar eða hafi verið ógjaldfær fyrir. Hvorugt átti við um Fons.<sup>137</sup>

Í sama mánuði var frétt í sama blaði um að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi selt móður sinni, Ásu Karen Ásgeirsdóttur, lúxusvillu sína við Laufásveg í Reykjavík. Móðirin hefði keypt húsið af syninum á 107 milljónir króna samkvæmt þinglýstum kaupsamningi. Ástæða sölunnar var sögð sú að Jón Ásgeir væri blankur og þyrfti að standa undir himinháum lögfræðiskostnaði.<sup>138</sup> Tvennt vakti athygli í tengslum við fréttina. Annars vegar að ekki kemur fram fyrr en lesinn hefur verið helmingur fréttarinnar að efnið var fengið úr viðtali Jóns Ásgeirs við *Fréttablaðið*. Hins vegar að fyrirsögninni var breytt fyrir birtingu úr „Jón Ásgeir seldi mömmu sinni lúxusvillu“ í „Jón Ásgeir blankur: Mamma keypti lúxusvilluna“.

Enn birti *DV* frétt þann 5. desember 2010 sem unnin var úr efni annars staðar frá, þar sem sagt er frá því að Jón Ásgeir Jóhannesson sé uppnefndur ræningi í nýjum greinaflokki sænska viðskiptafréttavefjarins *E24*. Þar var fjallað um hann sem einn helsta fjárglæframann og svindlara efnahagskreppunnar. Um var að ræða greinaflok

---

<sup>137</sup> Sigurður Mikael Jónsson. (2010, 5. nóvember).

<sup>138</sup> „Jón Ásgeir blankur: Mamma keypti lúxusvilluna.“ (2010).

þar sem fjallað var um helstu fjárglæfamegn og þar var Jón Ásgeir sagður hafa breyst úr glaumgosa í ræningja.<sup>139</sup>

Tveimur árum áður, í desember 2008, birti *DV* eigið viðtal við Jón Ásgeir þar sem hann var sagður farinn af landi brott. Að sögn blaðamanns sagði Jón Ásgeir næst á dagskrá hjá sér að halda jóla en hann sagðist ekki vilja svara blaðamanni þegar hann var spurður hvar í heiminum hann væri. Blaðamaður *DV* bætti þá við að daginn áður hefði einnig verið haft samband við Jón Ásgeir, sem þá sagðist vera staddur erlendis og hafa flogið út fyrr um daginn. Ástæða blaðamanns fyrir þessum fyrirspurnum var sú að daginn áður höfðu mótmælendur gert aðsúg að Jóni Ásgeiri fyrir utan hótél í hans eigu, 101.<sup>140</sup>

Eitthvað var um það að útrásarvíkingar stigu fram með einhvers konar útskýringar á framferði sínu og ástandinu. Þessi fleygu orð birtust í *DV* í apríl 2010:

„Ég heiti íslensku þjóðinni því að gera allt sem í mínu valdi stendur til að bæta fyrir mistök mín og leggja mitt af mörkum til að byggja Ísland upp að nýju.“ [...] „Fyrstur manna skal ég sjálfur viðurkenna, hversu margt mátti betur fara í þessu ferli. Í von um að geta bjargað fyrirtækjunum lagði ég allt undir í tilraunum sem þó reyndust alls ófullnægjandi, og ég sé glöggt að ég missti iðulega sjónar á góðum gildum og mörgu því sem mestu skiptir í lífinu. Því verður ekki með orðum lýst, hvernig mér líður vegna mistaka minna og afleiðinga þeirra. Þær yfirsjónir verða ekki aftur teknar. Við það verð ég að lifa.“<sup>141</sup>

Þessi orð eru höfð eftir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni í grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið sama dag. Auk þess sagðist Jón Ásgeir ekki eiga peninga á afgangnum og að hann hafi farið of geyst og færst of mikið í fang á of skömmum tíma. Síðar rifjaði hann upp hrúnið haustið 2008 og nefndi að þá hafi tími sjálfsblekkinga og draumóra verið að renna sitt skeið. Einnig nefndi hann að tilgangur skrifa sinna væri ekki að tíunda neinar útskýringar, rök eða afsakanir honum til málsbóta, né að varpa

<sup>139</sup> „Jón Ásgeir kallaður ræningi.“ (2010).

<sup>140</sup> „Jón Ásgeir farinn úr landi.“ (2008).

<sup>141</sup> „Jón Ásgeir: Engir peningar á Tortóla.“ (2010).

sök og ábyrgð á aðra.<sup>142</sup> Athyglisvert er að ritstjórn *DV* þótti markverðust sú yfirlýsing í viðtalinu að engir peningar væru á Tortóla, enda er fyrirsögnin á þá leið.

Um mánuði eftir yfirlýsingu Jóns Ásgeirs segir í *DV* að heimildir séu fyrir því að hann og Ingibjörg kona hans, ásamt fleirum, ætli að skella sér á úrslitakvöld American Idol eftir nokkra daga. Einnig herma fregnir *DV* að hjónin séu á leið til Los Angeles í maí ásamt helstu starfsmönnum Stöðvar 2 til að horfa á og velja nýja sjónvarpsþætti fyrir stöðina og að þau, ásamt sama hópi, muni einnig koma við í glæsivillu Jóhannesar í Bónus á Flórída.<sup>143</sup>

Blaðamaður *DV*, Ingi Freyr Vilhjálmsson, skrifaði frétt skömmu fyrir yfirlýsingu Jóns Ásgeirs um að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis væri áfellingisdómur yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Baugi og öðrum auðmönnum og eignarhaldsfélögum sem þar sé fjallað um á ítarlegan og afdráttarlausan hátt.<sup>144</sup> Ekki kemur fram í skýrslunni að Jón Ásgeir hafi verið höfuðpaurinn og því er fyrirsögnin frekar gildishlaðin.

Í janúar 2009 þykir *DV* frétt næmt að Jón Ásgeir og frú hafi fengið sér í glas. Sagt er frá því að til þeirra hafi sést í Lundúnum, þar sem þau skelltu í sig nokkrum drykkjum og þóttu nokkuð ánægð og áhyggjulaus. Þarna vitnar *DV* í moladálk á bresku síðunni *Telegraph*. Bætt er við að hjónin hafi yfir litlu að gleðjast á Íslandi síðustu misserin og rifjaðar eru upp fréttir um mótmælendur sem hrópuðu ókvæðisorð að Jóni Ásgeiri fyrir utan 101-hótelíð í desember.<sup>145</sup>

*Viðskiptablaðið* birti í september 2009 viðtal við Jón Ásgeir og *DV* vitnaði í það daginn eftir birtinguna. Þar sagði hann að eftir á að hyggja hefði verið skynsamlegast

---

<sup>142</sup> „Jón Ásgeir: Engir peningar á Tortóla.“ (2010).

<sup>143</sup> „Jón Ásgeir á úrslit Idol.“ (2010).

<sup>144</sup> Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2010, 16. apríl).

<sup>145</sup> „Glaðbeittur Jón Ásgeir fékk sér í glas.“ (2009).

að halda sig við verslun og hætta útrás 2005. Hefði hann gert það væri hann í góðum málum. Jón Ásgeir sagði einnig að margar fjárfestingar á Íslandi hafi verið mistök og „...ekki gott að vasast í svona mörgum ólíkum geirum.“<sup>146</sup>

Í febrúar 2011 birti *DV* frétt um nokkuð sem ritstjórnin nefndi „seið“ og var tilkominn úr athugasemdakerfi vefsíðunnar. Þess var getið að gengið hafi milli fólks á samfélagsmiðlinum Facebook bölvun á Hannesi Smárasyni, áður elskuðum útrásarvíkingi. Tilefnið væri að Hannes hafi nokkrum dögum áður verið sýknaður af 400 milljóna króna kröfu skilanefndar Glitnis vegna sjálfsábyrgðar á 3,5 milljarða kúlulánum. Seiðurinn var á þessa leið:

Fyrirlítum þennan fýr  
finni hann aldrei grið  
bölvun fylgi hvar sem býr  
brotni líf og fái ei frið.<sup>147</sup>

Stundum kemur fyrir að vitnað er í blogg færslur þekktra bloggara í fjölmiðlum, oftar en ekki þá sem blogga á vefsvæði miðlanna sjálfra. Síðasta dag síðastliðins febrúarmánaðar birtist frétt á vefsíðu *DV*, þar sem vitnað er í bloggsíðu Teits Atlasonar á vefsvæði sama miðils. Málsatvik eru þau að Teitur hafði skömmu áður sótt Osló heim með fjölskyldunni sinni. Hann hafði komist að því að Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, ætti hús steinsnar frá þeim stað er þau gistu. Teitur gerði sér lítið fyrir og skoðaði húsið að utan og tók af því myndir sem einnig fylgdu með fréttinni og blogginu. *DV* bætti því við að nýlega hafi verið fjallað um að Bjarni ætti tæplega 300 milljóna króna einbýlishús við götuna Hundundveien í Bærum í Oslófirði, skuldlaust og óveðsett með öllu. Þær heimildir komu að sögn blaðsins frá norsku fasteignaskránni. Eftir að hafa lýst umhverfi hússins og ægifygru útsýni þaðan,

<sup>146</sup> „Hefðum átt að hætta árið 2005.“ (2009).

<sup>147</sup> „Bölvun á Hannesi.“ (2011).



tók Teitur fram að hann hefði átt von á meiri íburði. Hann sagði það hafa verið skrytið að sniglast þarna í kring til að taka myndir af húsi einhvers Íslendinga, en hann hefði manað sig upp í það. Hann réttlætti þá ákvörðun sína með því að sú framhleyptni væri hljóðmót í samanburði við orð og æði Bjarna Ármannssonar þegar hann sagði að það væri „óábyrg meðferð fjármuna“ að borga skuldir sínar.<sup>148</sup>

Þann 29. mars 2011 fjölluðu vefmiðlarnir þrír hver á sinn hátt um sama málið:

Vefsíða *Morgunblaðsins* reið á vaðið með þessari frétt [kl. 14:00]: Sjö starfsmenn embættis sérstaks saksóknara tóku þátt í aðgerðum lögreglunnar í Lúxemborg í dag, sem framkvæmdi tvær húsleitir samtímis á grundvelli réttarbeiðna frá embættinu og efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar. Leitin á skrifstofum bankans tengist ekki núverandi starfsemi bankans heldur fyrrum viðskiptavinum Kaupþings, sem var með útibú í sama húsnæði fyrir hrun bankans. Fram kemur í fréttatilkynningu frá embætti sérstaks saksóknara að aðgerðirnar varði rannsóknir sérstaks saksóknara á málum er tengist Kaupþingi banka, en sökum þess hve rannsóknirnar séu á viðkvæmu stigi sé ekki unnt að gefa nánari upplýsingar um þau mál sem hér um ræðir, en aðgerðir séu umfangsmiklar. 55 lögreglumenn frá lögreglunni í Lúxemborg hafi tekið þátt í þeim.

149

Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður á Vísí matreiddi sömu atburði á eftirfarandi hátt [kl. 19:00, 5 tímum síðar]: Húsleitir sérstaks saksóknara og efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar í Lúxemborg í dag tengjast 28 milljarða króna láni sem Kaupþing lánaði félagi á Tortóla-eyju sama dag og bankinn fékk áttatíu milljarða króna lán hjá Seðlabanka Íslands sem átti að bjarga rekstri Kaupþings. Lögreglan í Lúxemborg

---

<sup>148</sup> „Bloggari heimsótti Bjarna: „Átti von á meiri íburði.““ (2011).

<sup>149</sup> „Umfangsmiklar aðgerðir í Luxemborg.“ (2011).

framkvæmdi fimm aðgreindar húsleitir í dag að beiðni efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar og sérstaks saksóknara. Samkvæmt heimildum fréttastofu var m.a. leitað á heimili Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg. Grunur leikur á að lánið til Lindsor falli undir umboðssvik í almennum hegningarlögum, en það getur varðað allt að sex ára fangelsi ef sakir eru miklar.<sup>150</sup>

DV fylgdi í kjölfarið [kl. 19:25] og greindi frá því að gerð hafi verið húsleit á heimili Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, sama dag. Sérstakur saksóknari, Ólafur Þór Hauksson, hafi tekið þátt í aðgerðum efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar. Ríflega 70 einstaklingar hafi tekið þátt í aðgerðunum. Einnig hafi verið leitað á heimili Magnúsar Guðmundssonar, sem stýrði útibúi Kaupþings í Lúxemborg. Heimildin kom frá RÚV. Hvorugur þeirra hafi verið handtekinn í aðgerðunum en þeir hafi aftur á móti báðir verið handteknir af sérstökum saksóknara, í maí í fyrra, í tengslum við rannsókn á málefnum Kaupþings. Ritstjórn þótti viðeigandi að bæta því við að þá hefðu þeir verið dæmdir í gæsluvarðhald og setið um tíma á Litla-Hrauni og þurft þar að afhenda jakkaföt sín og klæðast íþróttagöllum.<sup>151</sup>

DV er á svipuðum persónumiðuðu nótum tveimur dögum síðar þegar sagt er frá því að Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis banka, hafi sést á Starbucks-kaffihúsi við Hampstead High Street í norðurhluta Lundúnaborgar. Fram að því hafi Lárus einna helst verið í sviðsljósinu vegna málaferla slitastjórnar Glitnis gegn fyrrum stjórnendum og eigendum bankans fyrir dómstólum í New York. Því er lýst að Lárus hafi verið með alla einbeitingu á fartölvunni sinni. Við þetta bætir ritstjórn DV að á síðasta ári hafi fréttasíðan sagt frá því að Lárus hafi sést „á röltinu í íþróttaskóm og stuttbuxum í

---

<sup>150</sup> Þorbjörn Þórðarson. (2011, 29. mars).

<sup>151</sup> „Leitað heima hjá Hreiðari Má.“ (2011).

grennd við kaffihúsið en þá var hann fyrir utan líkamsræktarstöðina The Armoury á Pond Street“. Fréttinni lýkur á ályktun, byggðri á algjörrri óvissu:

Míðað við þann tíma sem Lárus virðist eyða í hverfinu og hversu kunnugur því hann virðist vera, er *ekki óeðlilegt* að draga þá ályktun að Lárus vinni eða búi í nágrenninu. Það er þó ekki vitað með vissu.<sup>152</sup>

---

<sup>152</sup> „Lárus Welding í rólegheitum á Starbucks.“ (2011).

## 10. Ný viðmið og gildi innan samfélagsins – og möguleg úrræði

Efnishyggð gildismat (*materialism*), sem var ríkjandi í góðærinu, er skilgreint af bandarísku félagsvísindamönnunum Marsha L. Richin's og Scott Dawson á þann veg að hafa að aðalmarkmiði að eignast og eiga hluti. Eigur séu taldar spila ríkan þátt í sjálfsmynd efnishyggjans einstaklings sem telur jafnframt að eigur gefi til kynna velgengi.<sup>153</sup> Þetta kemur fram í grein Aspar Arnardóttur og Helgu Dittmar „,Áður vildum við vera útrásarvíkingar en nú viljum við ekki vera feik, heldur góðar manneskjur“: Efnishyggja, gildabreyting og vellíðan í kreppu“ sem kom út í *Rannsóknunum í félagsvísindum X*. Þær leituðust eftir með rannsókn að varpa ljósi á hvort efnishyggja minnki í kreppu og hvernig líðan efnishyggja einstaklinga sé í kreppu. Um var að ræða stutta langtímarannsókn, eins og þær nefndu hana sjálfar. Opnar spurningar gáfu til kynna að fólk taldi sig lifa í þjóðfélagi sem hafði breyst í kreppu og legði nú minni áherslu á efnisleg gæði og efnishyggju en fyrri ár.<sup>154</sup> Efnishyggja hafði umtalsverð neikvæð áhrif á vellíðan. Þau tengsl eru sterkari en áður hafa fundist á Íslandi.<sup>155</sup> Niðurstaða rannsóknar Aspar og Helgu sýna að það að draga úr efnishyggju virðist vera góð leið til að takast á við kreppu.<sup>156</sup>

Í sama streng tekur Ragna Benedikta Garðarsdóttir, félagssálfræðingur, ásamt Helgu Dittmar, dósent við Sussex Háskóla í Englandi, í grein í sama riti *Rannsóknna í félagsvísindum*. Þar kynna þær niðurstöður rannsóknar á því sálfræðilega ferli sem kann að valda umframeyðslu neytenda og skuldsetningu. Óraunhæf skilaboð um að nýr og betri varningur bæti lífs fólks, geri það vinsælla, hamingjusamara og fallegra eru

---

<sup>153</sup> Richins, M. L. og Dawson, S. (1992:303-316).

<sup>154</sup> Ösp Arnardóttir og Helga Dittmar. (2009:827-835).

<sup>155</sup> Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2005:813-820).

<sup>156</sup> Ösp Arnardóttir og Helga Dittmar. (2009:827-835).

einkennandi fyrir neyslusamfélög. Slík skilaboð voru ríkjandi í fjölmiðlum í góðærinu. Ragna og Helga leituðust við að kanna hvort umfang eyðslu, og þar með upphæð skulda, færi eftir því hvernig fólk hugsar og hvernig því líður. Niðurstöður voru á þann veg að tilfinningahvatar og auðkennishvatar hafa háa fylgni sín á milli, en aðeins tilfinningahvatar hafa áhrif á kaupáráttu og skuldir. Þeir sem kaupa sér varning af tilfinningahvötum eru líklegri til þess að hafa hærri skuldir og kaupáráttu. Þeir sem eru efnishyggjari og þeir sem hafa litla huglæga vellíðan eru líklegri til að kaupa sér varning af sálfræðilegum kauphvötum.<sup>157</sup>

Í fyrrnefndu tölublaði *Visbendingar* minnst Helgi Gunnlaugsson prófessor á úrræði samfélagsins. Hann segir að viðhorfsmælingar sýni að borgarar telji hefðbundin strætisbrot mun alvarlegra samfélagsvandamál en hvítflibbabrot og það endurspegli vissulega áherslur réttarkerfisins, sem sé að uppræta strætisbrot fram yfir hvítflibbabrot. Margir fræðimenn leggi áherslu á að auka þurfi fælingarmátt viðurlaga með því að þyngja dóma og koma lögum yfir fleiri brotamenn en nú sé gert. Rökstuðningurinn hvíli á þeirri forsendu að hvítflibbabrotamenn séu upp til hópa einstaklingar sem skipuleggi gjörðir sínar í þaula og taki mið af viðbrögðum réttarkerfisins. Kannski finnist þeim bara borga sig að brjóta af sér. Hertar refsingar myndu draga úr líkunum á því að löggin séu brotin. Til viðbótar verði jafnframt að koma til öflugra mótvægi borgaranna og brotin þyrftu að vekja meiri reiði en þau geri í dag. Þó séu þau tekin fastari tókum en oft áður og ekki síst hafi umfjöllun í samfélaginu leitt til áherslubreytinga af þessu tagi.<sup>158</sup>

---

<sup>157</sup> Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Helga Dittmar. (2009:813-820).

<sup>158</sup> Helgi Gunnlaugsson. (2006:2-4).

## Samantekt - niðurstöður

Býsna áhugavert var að bera umfjöllun um velgengi Íslendinga á erlendri grundu í fyrstu tölublöðum Vísis og Morgunblaðsins snemma á tuttugustu öld, saman við umfjöllun tæpum hundrað árum síðar. Sameiginlegur þráður ber keim af mæringu og persónudýrkun. Það sem greinir að eru efnisþættir sem tengjast störfum þeirra og umsvifum. Í kjölfar hrunsins varð algjör kúvending í umfjöllun um auðmenn og fjárfesta. Upphafningin, aðdáunin, réttlætningin og meðvirknin hurfu í skugga háðsglósa, sleggjudóma, niðurrifs og ályktana. Áberandi var hversu títt ritstjórn *DV* breytti orðalagi í fyrirsögnum sínum á vefsíðunni árið 2011, ef bornar eru saman vefslóðir og fyrirsagnir. Einnig er áberandi að blaðamenn hjá dagblöðunum þremur voru fúsari að setja nafn sitt við frétt sem þeir skrifuðu í góðærinu en í kjölfar hrunsins. Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður *DV*, er langoftast skráður fyrir fréttum af þeim blaðamönnum þar sem nöfn komu fyrir, árið 2011.

Hugarfar og viðmót í tilsvörum og framgöngu íslensku fjárfestanna á síðum dagblaðanna í góðærinu báru einkenni hvítflibbabrota, eins og Edwin Sutherland skilgreindi þau. Hegðunin lærðist í samskiptum manna sem á vissan hátt einangruðu sig frá veruleika þeirra sem töldu hegðunina óeðlilega.

Siðferðisvitund þjóðarinnar er mögulega bogin eftir góðæristímabilið og það mun taka tíma að rétta hana við. Viðhorf þjóðarinnar til hvítflibbabrota munu líklega á næstu árum mótast í takt við refsingu og viðurlög við þeim brotum sem enn eru á rannsóknarstigi. Eflaust eiga margir erfitt með að meta hvort þeir eru þolendur eða gerendur góðærisins. Með stærri verkefnum þjóðarinnar framundan er að byggja aftur upp traust á stjórnsýslunni, stofnunum og ekki síst fjölmiðlum. Hlutverk fjölmiðlanna

hefur líklega aldrei verið eins mikilvægt og nú, því þeir sinna ekki bara eftirlits- og upplýsingahlutverki; þeir eiga að leggja sig fram við að taka þátt í mótun samfélags 300.000 einstaklinga með laskaða þjóðarímynd. Það gera þeir með ábyrgri og greinandi umfjöllun, faglegu hlutleysi og heilbrigðu fjölmiðlaumhverfi þar sem eignarhald hefur ekki áhrif á ritstjórnarstefnu.

Ekki má gleyma hlutverki einstaklinga sem nota fjölmiðla. Gildismat þeirra og lífsskoðun endurspeglast töluvert í vali og viðtöku á fjölmiðlaefni. Virkt almenningsálit í baráttu við að rétta af siðferðismatið er öflugur fælingarmáttur gagnvart hvítflibbabrotum, auk skýrra skilaboða til fjölmiðla og stjórnvalda.

## Heimildaskrá

### Bækur:

- Becker Howard S. (1963). *Outsiders. Studies in The Sociology of Deviance*. New York: The Free Press.
- Bertens, H. (2008). *Literary Theory, the basics* (2. útgáfa). New York: Routledge.
- Bird, S. E. (1997). What a story! *Media scandals*. (Lull J. og Hinerman S. ritstjórar). New York: Columbia University Press.
- Brennu-Njálssaga*. (2002). Jón Böðvarsson (ritstjóri). Reykjavík: Iðnmennt-Iðnú.
- Cohen, S. (1972). *Folks Devils and Moral Panics*. (3. útgáfa). New York: St. Martin's Press.
- Donnelly P. (2009). *501 Most Notorious Crimes*. London: Bounty Books.
- Guðjón Friðriksson. (2000). *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík: Iðunn.
- Gunnar Hersveinn Sigursteinsson. (2008). *Orðspor – gildin í samfélaginu*. Reykjavík: Forlagið.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Joly E. & Malagardis M. (2009). *Hversdagshetjur*. (Friðrik Rafnsson þýddi). Reykjavík: Lafleur útgáfan. (Upphaflega gefið út sama ár).
- Jennings, B. og Oliver, M. B. (2009). *Media Effects*. (3. útgáfa). Routledge: New York and London.
- Jón Thoroddsen. (1948). *Piltur og stúlka*. (6. útgáfa). Reykjavík: Helgafellsútgáfan.
- McQuail, D. (2005). *McQuail's Mass Communication Theory* (5. útgáfa). London: SAGE Publications.
- Preston, P. (2009). *Making The News: Journalism and News Cultures in Europe*. (Án bls.) London: Routledge.
- Siegel, L. J. (2006). *Criminology: Theories, Patterns and Typologies*. (9. útgáfa). New York: West Publishing Company.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldarinnar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og Menningar.



Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagvöxtur*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sutherland, E. S. (1983). *White Collar Crime: The Uncut Version*, 1-2. New Haven and London: Yale university press.

### **Dagblöð og tímarit:**

10.000 verðlaunahafar. (2006, 14. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 13.

Alberti-hneysklið. (1908, 30. september). *Ísafold*, bls. 1.

Actavis best í stefnumótun. (2006, 3. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 24.

Alda Áskelsdóttir. (2009). Íslenskir fjölmiðlar þjónar hagsmuna? *Rannsóknir í félagsvísindum X*, bls. 188-189. Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Arnar Eggert Thoroddsen. (2008). *Morgunblaðið*, bls. 37.

Auðmaður og jafnaðarmaður. (1913, 3. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 6.

Bankarnir segja gagnrýni byggða á misskilningi. (2006, 8. febrúar). *Markaðurinn*, bls. 10.

Bankarnir sterkari en fyrr. (2006, 28. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 2.

Bankinn aldrei verið sterkari. (2006). *Fréttablaðið*, bls. 6.

Björgólfsfeðgar fá 1,3 milljarða í arð. (2006, 7. febrúar). *DV*, bls. 6.

Björn Jóhann Björnsson. (2006, 6. febrúar). Íslendingar eiga greinilega nóg af peningum. *Morgunblaðið*, bls. 6.

Dagný Arnarsdóttir og Brynhildur Davíðsdóttir. (2009). „Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja“: Getur orðasamband með nútíð átt framtíð? *Rannsóknir í félagsvísindum X*, bls. 103. Viðskipta- og hagfræðideild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Einhentur maður sagður nauðga piltum. (2006, 9. janúar 2006). *DV*, forsíða.

Embættispróf. Alberti. Fjalla Eyvindur. (1910, 14. desember). *Vísir*, bls. 11.

Er flugkóngurinn fatlaður? (2006, 13. febrúar). *DV*, bls. 1.

Er góðærið búið? (2006, 25. febrúar). *DV*, bls. 6.

- Erlend hlutabréfaeign tæpur helmingur. (2006, 10. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 10.
- Franska ofurkonan í stjórn Alfesca. (2006, 15. febrúar). *Markaðurinn*, bls. 10.
- Framfundur í gærkvöldi. (1913, 2. nóvember) *Morgunblaðið*, bls. 2.
- Framfundurinn. (1913, 3. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 1.
- Frá Serbíu. (1910, 21. desember). *Vísir*, bls.14.
- Fylgir settri stefnu. (2006. 15. febrúar). *Markaðurinn*, bls. 4.
- Fyrirtæki þurfa að finna nýtt tungumál. (2009, 1. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 12-13.
- Halla Gunnarsdóttir. (2006, 16. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 12.
- Haslar sé völl í Litháen. (2006, 13. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Helgi Gunnlaugsson. (2006). Afbrot hinna efnameiri. *Vísbending. Vikurit um viðskipti og efnahagsmál*, bls. 2 og 4.
- Heildsölubanki er óþarfur. (2006. 8. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 1.
- Hér verði miðstöð fjármála og landið í Evrópusambandinu. (2006, 9. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 22.
- Hinn eini sanni Íslendingur. (2006, 4. febrúar). *DV*, 4. bls. 32-33.
- Hjálmar Jónsson. (2006, 8. febrúar). Íbúðalán veitt áfram með 4,15% vöxtum. *Morgunblaðið*, bls. 11.
- Ísland 2015 – viðskiptaþing á vegum Viðskiptaráðs Íslands. (2006, 5. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 22.
- Íslenskir milljarðamæringar í Soho. (2006). *DV*, bls. 6.
- Jón G. Hauksson. (2005). 15 helstu fjárfestar Íslands. *Frjáls verslun*.
- Jónatan Þórmundsson. (1988). Refsiábyrgð á efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila. *Tímarit lögfræðinga*. Reykjavík: Lögfræðingafélag Íslands.
- Jónatan Þórmundsson. (2008). Einkenni auðgunarbrot. Tengsl þeirra innbyrðis og við önnur brot. *Tímarit lögfræðinga*. Reykjavík: Lögfræðingafélag Íslands.
- Kristján Albertsson. (1963, 3. desember). Thor Jensen – hinn síðasti mikli landnámsmaður. *Morgunblaðið*, bls. 17.
- Landar erlendis. (1913, 3. nóvember) *Morgunblaðið*.
- Leikhússtjóri. (1910, 21. desember). *Vísir*, bls. 15.

- Novator mun horfa til landa utan Evrópu. (2006, 7. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 14.
- Páll Baldvin Baldvinsson. (2006, 10. febrúar). *DV*, bls. 2.
- Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Helga Dittmar. (2009). Sálfræðileg forspá um skuldir. *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Richins, M. L. og Dawson, S. (1992). A Consumer Values Orientation for Materialism and Its Measurement: Measure Development and Validation. *Journal of consumer research*, 19, 303-316.
- Sjálfsmorð (1910, 14. desember). *Vísir*, bls. 10.
- Spurning dagsins. (2006, 13. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 2.
- Starfsmenn bankana græða á tá og fingri. (2006, 8. febrúar). *DV*, bls. 6.
- Starfsmenn Landsbankans fá 300 þúsund króna kaupauka. (2006, 6. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 10.
- Sutherland E. S. (1940, febrúar). „White collar criminality“. *American sociological review*, 1-2.
- Vigdís merkasti Íslendingurinn. (2006, 25. febrúar). *Fréttablaðið*, bls. 26.
- Þekkingardagurinn á morgun. (2006, 1. febrúar). *Markaðurinn*, bls. 14.
- Ætla að halda í horfinu eftir metár í farþegaflutningum. (2006, 1. febrúar). *Markaðurinn*, bls. 12-13.
- Ösp Arnardóttir og Helga Dittmar. (2009). Áður vildum við vera útrásarvíkingar en nú viljum við ekki vera feik, heldur góðar manneskjur: Efnishyggja, gildabreyting og vellíðan í kreppu. *Rannsóknir í félagsvísindum*, bls. 827-835. Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

#### **Vefsíður blaða og tímarita:**

- Annas Sigmundsson. (2011, 16. febrúar). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/1/16/sjo-tima-yfirheyrsla-yfir-sigurjoni/>
- „Átu gull í boði Landsbankans.“ (2009, 28. maí). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/5/28/atu-gull-i-bodi-landsbankans/>
- „Bankamenn flykkjast í ráðgjöf.“ (2011, 18. júlí). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/7/18/bankamenn-flykkjast-i-radgjof/>

- „Bankastjórar Landsbankans reknir.“ (2009, 9. október). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2008/10/9/bankastjorar-landsbankans-vikja/>
- Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2010, 16. mars). *Morgunblaðið*. Sótt 31. mars 2011 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/03/16/utrasarvikingar\\_vandraedalegir/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/03/16/utrasarvikingar_vandraedalegir/)
- Birgir Olgeirsson. (2011, 13. janúar). Sigurjón Árnason leiddur út í lögreglufylgd. *DV*. Sótt 8. febrúar af <http://www.dv.is/frettir/2011/1/13/sigurjon-leiddur-ut-i-logreglufylgd/>
- „Bloggari heimsótti Bjarna: „Átti von á meiri íburði.““ (2011, 28. febrúar). *DV*. Sótt 27. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/2/28/bloggari-heimsotti-bjarna-atti-von-meiri-iburdi/>
- Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. (1995). 224. tillaga til þingsályktunar. *Alþingi*. Sótt 19. febrúar af <http://www.althingi.is/altext/120/s/0224.html>.
- „Bölvun á Hannesi.“ (2011, 12. febrúar). *DV*. Sótt 12. febrúar af <http://www.dv.is/sandkorn/2011/2/12/bolvun-hannesi/>
- „Glaðbeittur Jón Ásgeir fékk sér í glas.“ (2009, 31. febrúar). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/2/13/gladbeittur-jon-asgeir-fekk-ser-i-glas/>
- „Hafði ekki nægar sannanir.“ (2010, 20. apríl). *Ríkisútvarpið*. Sótt 5. apríl 2011 af <http://www.ruv.is/frett/hafdi-ekki-naegar-sannanir>
- „Hefðum átt að hætta árið 2005.“ (2009, 10. september). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/9/10/jon-asgeir-hefdum-att-ad-haetta-ard-2005/>
- „Hreiðar Már handtekinn.“ (2010, 6. maí) *Morgunblaðið*. Sótt 1. apríl 2011 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/05/06/hreidar\\_mar\\_handtekinn/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/05/06/hreidar_mar_handtekinn/)
- „Hreiðar Már Sigurðsson handtekinn.“ (2010, 6. maí b). *Vísir*. Sótt 6. 1. apríl 2011 af <http://www.visir.is/article/20100506/FRETTIR01/321294639>
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2010, 16. apríl). Jón Ásgeir er höfuðpaurinn í skýrslunni. *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/4/16/jon-asgeir-hofudpaurinn-i-skyrslunni/>
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2010, 6. maí). Hreiðar Már Sigurðsson handtekinn. *DV*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/5/6/hreidar-mar-sigurdsson-handtekinn/>
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2011, 17. janúar) Fall Sigurjóns: Samskiptin við Björgólf voru stírd. *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/1/17/fall-sigurjons-samskiptin-vid-bjorgolf-voru-stird/>

- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2011, 18. febrúar a). Millifærði milljarða á nýjan reikning í Lúx.“ *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/2/18/millifaerdi-milljarða-nyjan-reikning-i-lux/>
- Ingi Freyr Vilhjálmsson. (2011, 18. febrúar b). Sigurjón með pappírstaetara í stofunni. *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/1/18/sigurjon-med-pappirstaetara-i-stofunni/>
- „Jón Ásgeir: „Þér kemur það ekki við.““ (2010, 25. mars). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/3/25/jon-asgeir-ther-kemur-thad-ekki-vid/>
- „Jón Ásgeir á úrslit Idol.“ (2010, 10. maí). *DV*. Sótt 18. febrúar af <http://www.dv.is/frettir/2010/5/10/jon-asgeir-urslit-idol/>
- „Jón Ásgeir blankur: Mamma keypti lúxusvilluna.“ (2010, 5. nóvember). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2010/11/5/jon-asgeir-seldi-mommu-sinni-luxusvillu/>
- „Jón Ásgeir drekkur tíu Diet Coke á dag.“ (2009, 15. mars). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/3/15/jon-asgeir-drekkur-tiu-diet-coke-dag/>
- „Jón Ásgeir farinn úr landi.“ (2008, 18. desember). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2008/12/18/jon-asgeir-farinn-ur-landi/>
- „Jón Ásgeir kallaður ræningi.“ (2010, 5. desember). *DV*. Sótt 18. febrúar af <http://www.dv.is/frettir/2010/12/5/jon-asgeir-kalladur-raeningi/>
- Jón Jónsson (1997, 7. júní). „Dúllað og tónað, dansað og leikið förumenn og leiklist í lok 19. aldar.“ *Menningarblað/Lesbók*. Sótt 10. febrúar 2011 af [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=335915](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=335915)
- Jónas Kristjánsson. (2008a). [www.jonas.is](http://www.jonas.is). Sótt 20. mars 2011 af <http://jonas.is/kennsla.lasso?tre=1>
- Jónas Kristjánsson. (2008b). [www.jonas.is](http://www.jonas.is) Sótt 2. apríl 2011 af <http://jonas.is/kennsla.lasso?tre=2&id=214>
- „Krampakippir Jóns Ásgeirs.“ (2010, 18. maí). *DV*. Sótt 18. febrúar af <http://www.dv.is/frettir/2010/5/18/krampakippir-jons-asgeirs/>
- „Lárus Welding í rólegheitum á Starbucks.“ (2011, 31. mars). *DV*. Sótt 31. mars 2011 af <http://www.dv.is/folk/2011/3/31/larus-welding-i-rolegheitum-starbucks/>
- „Leitað heima hjá Hreiðari Má.“ (2011, 29. mars). *DV*. Sótt 29. mars 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2011/3/29/leitad-heima-hja-hreidari-ma/>
- „Magnús Ármann og Sigurjón yfirheyrðir.“ (2011, 15. júlí). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/7/15/magnus-armann-og-sigurjon-yfirheyrdir/>

- McAndrew, F. T. (2008). The science of gossip: why we can't stop ourselves. Í *Scientific American*. Sótt 27. janúar 2011 af <http://www.scientificamerican.com/article.cfm?id=the-science-of-gossip>
- „Morgunblaðið – Árvakur.“ (2011). *Morgunblaðið*. Sótt 21. mars 2011 af <http://mbl.is/mogginn/fyrirtaekid/>
- „Ritstjórnarskipti á DV.“ (2006, 13. janúar). *Morgunblaðið*. Sótt 28. mars af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/01/13/ritstjoraskipti\\_a\\_dv/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/01/13/ritstjoraskipti_a_dv/)
- Sigurður Mikael Jónsson. (2010, 5. nóvember). *DV*. Sótt 18. febrúar af <http://www.dv.is/frettir/2010/10/18/fyrirtaka-i-formulumilljardsmali-jons-asgeirs-i-dag/>
- „Sigurjón kenndi faglegar aðferðir.“ (2009, 17. júní). *DV*. Sótt 18. febrúar af <http://www.dv.is/frettir/2009/6/17/sigurjon-kenndi-faglegar-adferdir/>
- „Sigurjón lét Stúdentaráð borga stöðumælasektirnar.“ (2009, 21. júní). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2009/6/21/sigurjon-let-studentarad-borga-stodumaelasektirnar/>
- Sonenshine, T. (1997). Is everyone a journalist? *American journalism review*. Sótt 29. mars 2011 af <http://www.ajr.org/Article.asp?id=2325>
- „Sukk Landsbanka í Hong Kong.“ (2009, 19. desember). *DV*. Sótt 18. febrúar 2011 af <http://www.dv.is/frettir/2008/12/19/skilanfndarmadur-i-landsbankasukki/>
- „Umfangsmiklar aðgerðir í Lúxemborg.“ (2011, 29. mars). *Morgunblaðið*. Sótt 29. mars af [http://mbl.is/frettir/innlent/2011/03/29/umfangsmiklar\\_adgerdir\\_i\\_luxemborg/](http://mbl.is/frettir/innlent/2011/03/29/umfangsmiklar_adgerdir_i_luxemborg/)
- „Yfirlýsing frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni vegna fréttar af ferðalagi hans.“ (2008, 4. janúar). *Vísir*. Sótt 18. febrúar af <http://www.visir.is/article/200880104056>
- Þorbjörn Þórðarson. (2011, 29. mars). „Risalan til félags í eigu stjórnenda ástæða húsleitar í Lúxemborg.“ *Vísir*. Sótt 29. mars 2011 af <http://www.visir.is/risalan-til-felags-i-eigu-stjornenda-astaeda-husleitar-i-luxemborg/article/2011110328794>
- „Þórsmörk kaupir Árvakur.“ (2009, 25. febrúar) *Morgunblaðið*. Sótt 21. mars 2011 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/02/25/thorsmork\\_kaupir\\_arvakur/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/02/25/thorsmork_kaupir_arvakur/)

## **Netskjöl og skýrslur:**

Friðrik Þór Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Þorbjörn Broddason. (2009). *Um fjöllum fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármála fyrirtæki 2006-2008*. Háskóli Íslands, Rannsóknarsetur um fjölmiðlun og boðskipti.

Hagstofa Íslands. (1999). *Fjölmiðlun og menning*, 71. Umsjón: Ragnar Karlsson. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Ímynd Íslands: styrkur, staða og stefna*. (2008). Forsætisráðuneytið. Sótt 15. mars 2011 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefing-efni/nr/2904>

Petersen, A. H. (2010). Smut Goes Corporate: TMZ and the Conglomerate, Convergent Face of Celebrity Gossip. Í *Television & new media*. SAGE publications. Sótt 11. febrúar 2011 af <http://tvn.sagepub.com/content/11/1/62.full.pdf+html>

Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal, Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

### **Lokaverkefni:**

Katrín Pálsdóttir. (2006). *Fjórða valdið*, bls. 67. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, viðskiptafræðideild, mannauðsstjórnun.

Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2005). *Materialism, money-making motives and income as influences on subjective well-being: A comparison between the UK and Iceland*. Doktorsritgerð í sálfræði. University of Sussex, UK.